




SKOÐUN Bergur Þórisson tölvunarfræðingur veitir því fyrir sér hvort íslendingar hafi efni á að tala íslensku. **22**



MENNING Sviðslistahópurinn Spjallbrot vekur fólk til umhugsunar með biluðum speglum. **44**



SPORT Það liggur nú fyrir hvaða tíu íþróttamenn koma til greina sem íþróttamaður ársins 2013. **48**

Opið til kl. 18 í dag
Gleðileg jóll!

Opnum aftur 27. desember

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

23. desember 2013
301. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Beint á leikskóla eftir orlof

Starfshópur skoðar nú kosti þess að börn fái vist á leikskóla um leið og fæðingarorlofi foreldranna lýkur. **4**

Poka til sölu Ívar Ingimarsson og félagar segja allt eins hægt að selja Austfjarðapokuna líkt og norðurljósin og vilja opna þokusetur á Stöðvarfirði. **2**

118 í átján mánuði Já upplýsingaveitur verða að hætta að nota símanúmerið 118 um mitt ár 2015. Of langur aðlögunartími, segir keppinauturinn Gula línan. **8**

Frjótt ímyndunarafl Hugmyndaauði í ferðapjónustu einkennir styrkveitingar úr Þróunarsjóði ferðamála þetta árið. **12**

Ketkrökur kom til byggða



Bolungarvík	1°	NA	10
Akureyri	-1°	SV	5
Egilsstaðir	0°	SSV	3
Kirkjubæjarkl.	-1°	VSV	4
Reykjavík	0°	VSV	5

Hvassviðri eða stormur norðvestanlands þegar líður á daginn og snjócoma en annars hægari vindur og víða él eða slyduél. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Opnunartímar yfir hátíðarnar | Fólk



Opinberir starfsmenn hafna ASÍ-samningi sem fyrirmynd

Deildar meiningar eru um ágæti kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaganna. Fimm verkalýðsfélög á landsbyggðinni neituðu að undirrita samningana. Þau telja hækkunir lægstu launa allt of litlar.

KJARASAMNINGAR Kennarar telja að kjarasamningar sem gerðir voru á almenna markaðnum geti ekki orðið fyrirmynd að samningi fyrir þá. „Það þarf að hækka laun kennara umtalsvert,“ segir Björg Bjarnadóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands. „Við munum ekki taka þessa samninga hráa upp. Ég hefði viljað sjá meiri jöfnuð í þeim,“ segir Árni St. Jónsson, formaður Stéttarfélag í almannaþjónustu, SFR. Deildar meiningar eru um nýja kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaganna. Mánaðarlaun þess sem er með 246 þúsund krónur á mánuði hækka um 8 þúsund og skattar eru

óbreyttir. Mánaðarlaun þess sem er með milljón á mánuði hækka um 28 þúsund og breytingar á tekjuskattskerfinu skila honum tæpum 3.500 krónum á mánuði. „Ég er svo sorgmæddur og reiður fyrir hönd íslensks verkalýðs að það nær engu tali. Mér sýnist að íslensk verkalýðshreyfing sé endanlega að deyja drottinni sínum vegna kjarkleysis og aumingjadóms,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður verkalýðsfélagsins Framsýnar á Húsavík. Formenn Framsýnar, Drifanda í Vestmannaeyjum, Bárunnar á Selfossi og Verkalýðsfélags Grindavíkur neituðu að skrifa undir kjarasamningana.

Arnar Hjaltalín, formaður Drifanda í Vestmannaeyjum, segir að launahækkunir samkvæmt samningnum skiptist óréttlátt niður. Þeir sem hafa lægst laun fái færast krónur en þeir sem hafa mest fyrir fái mestu hækkunirnar. Aðalsteinn segir ASÍ og Samtök atvinnulífsins vera búin að skuldbinda alla þá sérkjarasamninga sem aðildarfélag ASÍ eigi eftir að gera til að hlíta sömu launahækkunum sem samið sé um núna. Þetta þýði að allir stóridjusamningarnir og fiskmjöls-samningar sem á eftir að gera séu bundnir af þessum skamm- arlega samningi.

2,8% hækkun verður á launum þeirra sem heyra undir ASÍ um áramótin.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, vonast til að verðbólgan éti ekki upp launahækkunir sem fylgja nýjum kjarasamningi. „Við þurfum að stefna að því að verðbólgan verði í samræmi við verðbólgu- markmið Seðlabanka Íslands, eða 2,5 prósent. Ef það tekst höfum við mikla hagsmuni af því.“

- jme síða 6



Á LOKSPRETTINUM Í KRINGLUNNI Jólin nálgast óðfluga og væntanlega hefur drjúgur hluti þjóðarinnar notað helgina til þess að fara í verslunarleiðangur af stærri gerðinni, einn eða jafnvel fleiri.

Hýrnar yfir kaupmönnum: Jólaverslunin fór loks af stað

VERSLUN „Þetta fór hægt af stað en frá og með fimmtudeginum 12. desember, þegar opnunartíminn lengdist, þá fór þetta almennilega í gang,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, um verslunina nú fyrir jólin. Þau Hildur Símonardóttir, eigandi Vinnufatabúðarinnar rótgrónu við Laugaveg, og Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, taka í sama streng. „Ég á von á að þetta verði svipað og í fyrra,“ segir Sturla Gunnar. Og Hildur segir að þær áhyggjur, sem menn höfðu af fataverslun fyrir nokkrum vikum, séu nú úr sögunni. „Þetta er búið að vera geðveikt hjá okkur og gott betur. Miðborgin öll er sneisafull,“ segir hún.

- gb sjá síðu 16

Veður fer versnandi í dag og ekki verður ferðaveður á landinu á aðfangadag: Stormur um land allt um jólin

VEÐUR Vont veður er í kortunum yfir hátíðarnar og á aðfangadag verður stormur á landinu öllu. Fjöldi fólks ferðast til ættingja og vina um jólin, en nauðsynlegt er að vera snemma á ferðinni. Þegar líður á aðfangadag verður ekkert ferðaveður á landinu öllu. Á jóladag verður áfram stormur um allt land og gera má ráð fyrir mikilli ofankomu. „Þetta fer að verða skaplegra annan í jólum, en áfram verður norðanátt í

kortunum,“ segir Hrafn Guðmundsson veðurfræðingur. Versta veðrið verður á norðvestanverðu landinu. Almanna- varnanefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps ákvað á fundi í gær að loka veginum á milli Súðavíkur og Ísafjarðar um hádegisdag í dag. „Við hvetjum fólk til að flýta ferðum sínum ef það þarf að vera á ferðinni,“ segir Hlynur Snorrason, yfirlögregluþjónn á Ísafirði. - skó

16 m/s
2°

STÓRHRÍÐ Í KORTUNUM
Mesta illviðrið verður á Vestfjörðum.

Leikföng í jólapakkann

OPIÐ TIL 23:00 Í KVÖLD

11.900 kr.

www.krumma.is

Gylfafiöt 7
112 Reykjavík
587-8700
www.krumma.is

JOE BOXER®

Kringlunni • Smáralind

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

OPIÐ TIL

23

Í KVÖLD

1 | DAGUR TIL JÓLA

SPURNING DAGSINS



Helgi, er ullin nýja leðrið? „Ullin er tengd leðrinu því hún sprettur á því. Ullin er ekki bara glæsileg heldur líka praktísk.“

Handtökuskipun á hendur Hjördísi Svan samþykkt í héraðsdómi fyrir helgi:

Móðir skal send til Danmerkur

DÓMSMÁL Hjördís Svan Aðalheiðardóttir, forsjarlaus móðir þriggja barna sem fór með þau frá Danmörku til Íslands í haust, hefur kært úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur, um að hún skuli afhent dönskum yfirvöldum á grundvelli handtökuskipunar, til Hæstaréttar.



honum í Danmörku. Hjördís hefur umgengnisrétt og var með börnin síðasta sumar. Hún átti að skila þeim til föður þeirra í ágúst, en fór þess í stað með þau til Íslands. Dönsk yfirvöld telja að flutningur barnanna brjóti í bága við dönsk lög og var því gefin út handtökuskipun á hendur Hjördísi. Beiðnin var afturkölluð á grundvelli mannúðarstæðna en hún var síðar endurútgefin.

TIL DANMERKUR Héraðsdómur Reykjavíkur segir að framselja eigi Hjördísi Svan Aðalheiðardóttur til danskra yfirvalda.

Porlákssmessa í Reykjavík:

Göngugötur í miðborginni

BORGARMÁL Gangandi vegfarandur fá að njóta sín í miðborginni á Þorlákssmessu því margar götur verða göngugötur tímabundið frá klukkan hálf sex síðdegis til miðnætis.



MESSAÐ Í FÆÐINGARKIRKJUNNI Kapólskur prestur sveiflar reykelsiskeri við sunnudagsmessu í Betlehem í gær.


Fæðingarkirkjan í Betlehem miðpunktur jólaundirbúnings: Ferðamannaskortur í Betlehem

PALESTÍNA Í bænum Betlehem hefur mannlífið verið heldur dapurt síðustu árin. Kristnum íbúum borgarinnar hefur fækkað jafnt og þétt og ferðamenn hafa verið tregir til að koma.

Austfjarðapokan seld gestum á Stöðvarfirði

Ívar Ingimarsson, gistihúsaegandi og fyrrverandi knattspyrnumaður, skipuleggur nú ásamt félögum sínum opnun þokuseturs á Stöðvarfirði. Ívar segir þoku sérkenni Austfjarða. Ekki sé meira galið að selja þokuna en norðurljósin eftirsóttu.

FERÐAÞJÓNUSTA „Við ætlum að kynna þokuna fyrir Íslendingum og útlendingum,“ segir Ívar Ingimarsson, einn þriggja manna sem nú kynna hugmynd um þokusetur á Stöðvarfirði.



ÞOKUSETURSMENN Hilmar Gunnlaugsson, Hafliði Hafliðason og Ívar Ingimarsson, sem er Stöðfirðingur og fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu, vilja að þokusetur dragi ferðamenn austur á firði.

„Hér á Austurlandi þurfum við að leita að sérstöðu. Við eigum Austfjarðapokana og hún er náttúrufyrirbrigði eins og norðurljósin. Fyrir nokkrum árum voru menn taldir galnir þegar þeir ætluðu að selja útlendingum norðurljósin. Það hefur heldur betur sýnt sig hver var galinn þar,“ segir Ívar. Áform félaganna þriggja, sem allir eru að austan og búa þar, voru kynnt fyrir yfirvöldum í Fjarðabyggð. „Þar var mjög vel tekið í erindi okkar og ég reikna með að við förum á fullt að afla okkur aðila til að vinna með okkur í þessu eftir áramótin,“ segir Ívar. Þá hafi þeir félagar fengið 600 þúsund króna styrk frá Vaxtarsamningi Austurlands. Viðbrögð fyrirætla þá á svæðinu um að koma að verkefninu hafi líka verið jákvæð.

Bjórta á upp á margvíslegt efni til skemmtunar og fróðleiks í þokusetrinu. „Hér er fullt af stöðum sem tengjast þoku. Gömlu karlarnir á árabátum hér úti og fólk á fjöllum var að villast í þokunni og bjargast,“ bendir Ívar á. Þá segir Ívar að gera megi sérstaka „þokustíga“ upp frá vegum þar sem fólk getur stöðvað bíla sína og gengið upp úr þokunni. Á vissum stöðum verði vefmynda-veglar sem hægt sé að tengjast og aðgæta hvernig útlitið er efra. „Ferðamenn segjast stundum ekki ætla niður á firði vegna þess að þar sé þoka. Eitt af því flottasta sem menn geta upplifað er að

Eitt af því flottasta sem menn geta upplifað er að sjá þokuna koma og vefja sig um fjallatoppa eða skrifa inn fjörðinn.

Ívar Ingimarsson, gistihúsaegandi

sjá þokuna koma og vefja sig um fjallatoppa eða skrifa inn fjörðinn öðrum megin en vera sjálfir í heiðríkju hinum megin,“ segir Ívar sem sjálfur er frá Stöðvarfirði og rekur gistihús á Egilsstöðum.

Pingmenn farnir í jólafrí: Pinghlé fram í miðjan janúar

PIGSTÖRF Alþingismenn fóru í jólafrí á laugardaginn, strax eftir að atkvæðagreiðslu um fjárlög næsta árs lauk. Þingið kemur næst saman þriðjudaginn 14. janúar. Pingstörfin höfðu tafist um nokkra daga, en samkvæmt starfsáætlun vetrarins átti þingið að fara í frí fimmtudaginn 19. desember. Á síðasta degi þingsins voru auk fjárlaganna samþykkt fimm önnur lög, þar á meðal um veitingu ríkisborgararéttar.

Umferð í kirkjugarðana: Viðbúnaður á aðfangadag

UMFERÐ Lögreglan mun fylgjast sérstaklega með umferð við Fossvogskirkjugarð og Gufuneskirkjugarð á aðfangadag. Umferð bíla inni í Fossvogskirkjugarði er takmörkuð milli klukkan 9 og 15 og aðeins heimil þeim sem framvísa svokölluðu P-merki. Aðkoma að Gufuneskirkjugarði verður eingöngu frá Hallsvegi. Þar verður hringakstur. Farið er út úr Gufuneskirkjugarði norðanmegin og inn á Borgaveg. Ökumenn eru beðnir um að aka Borgaveg í vestur og þaðan um Strandveg.



Kringlunni Sími 568 7777 heyrnarstodin.is HEYRNARSTÖÐIN

Verkefni fyrir ungt fólk í meðferð styrkt af minningarsjóði Sigrúnar Mjallar: Einni og hálfri milljón úthlutað

SAMFÉLAGSMÁL Úthlutað var úr Minningarsjóði Sigrúnar Mjallar í gær og fengu sex verkefni styrki upp á samtals rúma eina og hálf milljón króna. Kristján Kristjánsson fékk styrk fyrir meðferðarverkefni við atferlivanda og vímuefnavanda. Sunna Mjöll Estherardóttir fékk styrk sem mun nýtast í þjálfun hennar til að þróa skapandi verkefni í meðferðarsamstarfi unglinga. Hamarskot fékk styrk sem mun nýtast til uppbyggingar á smíðju fyrir unglinga til að auka starfs- hæfni sína og þekkingu. Davíð Bergmann fékk styrk fyrir meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem sýna áhættuhegðun og eiga í félagslegum erfiðleikum. Laugaland fékk styrk til að fara með unglingsstúlkur í meðferð til Danmerkur. Eftir meðferð Stuðla fékk síðan styrk sem nýtist til kaupa á útvistar- og tólmstundaútbúnaði fyrir unglinga. Minningarsjóðurinn var stofnaður í minningu Sigrúnar Mjallar Jóhannesdóttur, sem lést af völdum fíkniefna. Faðir Sigrúnar er Jóhannes Kr. Kristjánsson fréttamaður. Tilgangur sjóðsins er að



ÞESSIR FENGU STYRK Styrkþegar ásamt Grétari Hostert, formanni stjórnar minningarsjóðs Sigrúnar Mjallar.

styrkja skapandi verkefni ungmenna á aldrinum 12-18 ára, sem eru í áfengis- og/eda vímuefna meðferð á meðferðarheimilum á Íslandi.

GEYSIR



— Sláin Tígla frá GEYSI —

YNDI, GLEÐI, YL OG SÓL YKKUR FÆRI ÞESSI JÓL.

Geysir óskar landsmönnum, nær og fjær, gleðilegra jóla
og gæfuríkrar framtíðar.

Opíð til 23.30 á Þorláksmessu.



GEYSIR

SVONA ERUM VIÐ



14.262 milljónir króna var heildarvelta smásöluverzlana vegna jólaanna á síðasta ári.

Það samsvarar tæpum 44 þúsund krónum á mann.

Heildarvelta í nóvember og desember á síðasta ári var 79.978 milljarðar.

Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar.

Alþingi ætlar að kaupa málmleitartæki til að fylgjast með því sem gestir koma með inn í þinghúsið:
Stendur ekki til að leita á þingmönnum

ALÞINGI Alþingi hefur hert öryggisgæslu í byggingum þingsins og mun á næstunni festa kaup á málmleitartæki til að tryggja að gestir komist ekki inn á þingpalla með málmhluti án þess að gera grein fyrir þeim, segir Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri Alþingis.

Þessi þróun á sér nokkurn aðdraganda, en skömmu fyrir jól í fyrra vann maður sér tjón á salerni þingsins með beittu áhaldi sem hann kom með inn í húsið.

„Eftir þetta atvik brugðumst

við við með ýmsum hætti,“ segir Helgi. „Það er meiri öryggisgæsla hér en áður.“

Hann segir að á nýju ári verði hugað að því að kaupa málmleitartæki sem allir gestir þurfi að ganga í gegnum. Hann segir þó að ekki standi til að þingmenn og starfsmenn þingsins þurfi að fara í gegnum hlíðið. Það væri erfitt í framkvæmd þar sem starfsemi Alþingis sé í mörgum byggingum og bæði starfsmenn og þingmenn komi og fari oft á dag.

Helgi segir ekki komið í ljós hver kostnaður þingsins verði við að koma upp málmleitarhlíði. Kostnaðurinn verði þó varla meiri en ein til tvær milljónir króna, og rúmist vel innan fjárheimilda þingsins.

„Við munum gera svipaðar ráðstafanir og gerðar eru í öðrum þjóðþingum alls staðar í kringum okkur, þannig að menn fari ekki hér inn með málmhluti án þess að hægt sé að skoða það,“ segir Helgi. -bj



EFTIRLIT Öryggisgæsla á Alþingi var hert í kjölfar atviks þar sem maður skaðaði sig með málmáhaldi fyrir um ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HIÐ NÝJA ANDLIT HARÐSTJÓRANS Svona telja þeir Charlier og Froesh að byltingarleiðtoginn hafi litið út. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Franskir vísindamenn kynna niðurstöður sínar:

Robespierre fær nýtt andlit

FRANKLAND, AP Andlit franska byltingarleiðtogans Maximilians de Robespierre var í engri líkingu við þær myndir og málverk sem til eru af honum.

Þetta fullyrða tveir franskir vísindamenn, Philippe Charlier og Philippe Froesh, sem hafa gert ítarlegar rannsóknir á dánargrímu Robespierres, sem var einn helsti leiðtogi frönsku byltingarinnar og síðar einn grimmasi harðstjóri sögunnar.

Talið er að vaxmyndafrömuðurinn Madame Tussaud hafi gert þessa dánargrímu sjálf þegar nýbúið var að hálfhögga Robespierre árið 1794. Rannsóknirnar sýna enn fremur að hann hafi þjást af sjaldgæfum sjálfsofnæmissjúkdómi, sem ekki uppgötvaðist fyrr en árið 1877.

-gb

Margir hringja í Neyðarlínu:

Fá símtal aðra hverja mínútu

FIARSKIPTI Neyðarlínan fær tæplega 300 þúsund símtöl á hverju ári, sem jafngildir því að símtal berist í símanúmerið 112 aðra hverja mínútu. Um helmingur símtalanna flokkast sem neyðaræða lögreglusímtöl, að því er fram kemur í svári Neyðarlínunnar við fyrirspurn á spyr.is.

Samkvæmt umfjöllun spyr.is er talsvert um að sama fólkið hringi ítrekað, til dæmis einmana fólk. Því er yfirleitt bent á vinasíma Rauða krossins.

-bj

Rausnarlegur jólabónus:

Samherji gefur hálf milljón

KJARAMÁL Útgerðarfyrirtækið Samherji greiðir starfsfólki í landi samtals fimm hundruð þúsund krónur í aukabónus.

Upphæðin er utan samningsbundinnar desember- og orlofsuppbótar. Starfsmenn fá 430 þúsund í jólabónus og 70 þúsund krónur í aukaorlofsuppbót.

Starfsmennirnir eru yfir fimm hundruð svo alls kostar bónusinn fyrirtækið yfir 250 milljónir. Samherji skilaði nærri 16 milljörðum í hagnað í fyrra.

-jbg / kh

Leikskólavist strax að loknu fæðingarorlofi

Starfshópi á vegum menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga verður falið að meta kosti þess að bjóða börnum leikskólavist strax eftir að fæðingarorlofi lýkur. Hópurinn á að skila ráðherra tillögum fyrir 1. september á næsta ári.

SAMFÉLAGSMÁL Þingmenn Vinstri grænna á Alþingi lögðu fram þingsályktunartillögu í haust um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Tillagan var samþykkt með nokkrum breytingum á Alþingi í vikunni.

Samkvæmt henni á að skipa starfshóp á vegum menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfshópurinn á að greina faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þarf tillit til fari sveitarfélögin að bjóða börnum á aldrinum eins til tveggja ára upp á leikskólavist. Kanna á hver húsnæðisþörfin yrði og hversu marga nýja starfsmenn þyrfti að ráða. Hópurinn á að skila tillögum til ráðherra fyrir ágústlok á næsta ári.

Í umsögn sem Samband íslenskra sveitarfélaga sendi inn vegna tillögunnar segir að markmiðið sé góðra gjalda vert en óhugsandi sé að hrinda tillögunni í framkvæmd án ítarlegs kostnaðarmats og samráðs við sveitarfélögin. Það myndi kosta sveitarfélögin gríðarlega fjármuni ef það yrði lögfest að öll börn ættu rétt á leikskólaplássi frá eins árs aldri. Sambandið segir að líklega yrði að hækka hámarksútsvar eða hækka gjaldskrá leikskóla töluvert og færa nær raunkostnaði.

Raunkostnaður við hvert leikskólapláss á mánuði miðað við átta tíma vistun sé um 143 þúsund krónur á mánuði. Reykjavíkurborg hefur látið



MIKILL KOSTNAÐUR Samband íslenskra sveitarfélaga telur að það yrði dýrt fyrir sveitarfélögin að taka börn á aldrinum eins til tveggja ára inn á leikskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS

skoða kostnaðinn af því að taka börn á aldrinum eins til tveggja ára inn á leikskóla. Í skýrslu sem borgin gaf út fyrir rúmu ári kemur fram að það myndi kosta borgina rúmlega 1,2 milljarða króna að taka öll börn inn á leikskóla sem eru fædd á tímabilinu janúar til og með júlí 2011 fyrir utan kostnað vegna framkvæmda.

Stöðugildum í leikskólum myndi fjölga um allt að 224 og stöðugildum leikskólalastjóra um 12 ef byggðir yrðu 6 ungarnaleikskólur. Einnig mætti gera ráð fyrir að 18 til 90 störf myndu skapast

→ Raunkostnaður við hvert leikskólapláss á mánuði miðað við átta tíma vistun er 143 þúsund krónur á mánuði.

við hönnun og eftirlit og 42 til 210 störf við framkvæmdir til skamms tíma. Þá kemur fram í skýrslunni að ætla megi að börnum hjá dagforeldrum myndi fækka um 400 og dagforeldrum myndi fækka um helming.

johanna@frettabladid.is

PETTA ER SKO NETTUR KRÓNU BÓNUS

ÞORLÁKSMESSU SKATA
AÐEINS 990 kr/kg

STÓR HUMAR+HUMARSÚPA

Skötuveisla í veitingasal í dag
Aðeins 2.990 per man.

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

OPIÐ Í DAG 9-18.15 OG AÐFANGADAG 10-13

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

VONSKUVEÐUR UM JÓLIN Norðvestanlands versnar veður í dag en á Norðaustur- og Austurlandi á morgun, aðfangadag. Má búast við vondu veðri fram á annan í jólum með hríð og ófærð norðan- og austanlands en sunnan til verður úrkomulítið.

Alicante 18°	Berlín 7°	Friedrichshafen 9°	Las Palmas 20°	New York 14°	París 12°
Abena 13°	Billund 6°	Gautaborg 5°	London 11°	Orlando 29°	San Francisco 15°
Basel 9°	Frankfurt 10°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 16°	Ósló 3°	Stokkhólmur 5°

Á morgun
Hvassviðri eða stormur víða um land.

Jóladagur
Hvassviðri eða stormur víða um land.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

Öll símtöl til útlanda
úr heimasíma
á 0 kr. á jóladag

Óskaðu vinum og vandamönnum
í útlöndum **gleðilegra jóla**

Það býr meira í heimasímanum en þú heldur. Nýttu tækifærið á jóladag og ræktaðu sambandið við ástvini erlendis. Gleðileg jól!

Gildir þegar hringt er úr íslenskum heimasíma í öll erlend heima- og farsímanúmer.



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað lokaekunn fékk Gísli Þór Axelsson sem dúxaði í Fjölbrotaskóla Suðurlands?
2. Hvað heitir eigandi nýs hótels sem byggt verður á Siglufirði?
3. Með hvaða félagsliði leikur handboltakappinn Guðjón Valur Sigurðsson?

SVÖR
Þýskalandi.
1. 9.88.2. Róbert Guðhinnsson. 3. Kiel

Verkefnastaða á bílaverkstæðum dróst óvænt saman á haustmánuðum þrátt fyrir minni bílasölu: Engar skýringar á gati hjá bílaverkstæðum

BÍLAR Verkefnastaða á bílaverkstæðum dróst óvænt saman á haustmánuðum þrátt fyrir að bílasala hafi einnig dregist saman.

Að sögn Özurar Lárussonar, framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins, hafði verkefnastaða á verkstæðum frá bankahruninu verið ágæt, sem sé ekki skrítið miðað við að bílflotinn er að eldast.

„Þar til á haustmánuðum, þá gerðist það undarlega að þrátt fyrir að bílasala hefði dregist saman dróst líka saman á verkstæðum.

Ég hef enga haldbæra skýringu á því. Hvort fólk er bara að bíða eftir einhverju óáþreifanlegu, til dæmis þessum niðurfellingarpakka ríkisins. Og taka þá ákvörðun hvort það eigi að fara út í að kaupa nýjan bíl eða halda gamla bílnum gangandi eitthvað lengur,“ segir Özur aðspurður.

Özur bætir við að verkefnastaðan sé byrjuð að taka við sér aftur. „En það kom óskýranlegt gat frá ágúst til dagsins í dag. Það hefur alltaf verið biðlisti á verkstæðum

og ágætis verkefnastaða. Svo datt botninn úr því á haustmánuðum hjá mjög mörgum.“

Özur segir bílflotann á Íslandi vera gamlan og endurnýjunina litla. Meðalaldur fólksbíla sé tólf ár en annars staðar í Evrópu er hann í kringum átta ár.

„Við reiknum með því að bílasala taki við sér á nýju ári, það er eiginlega ekkert annað í boði. Það er ekki endalaust hægt að halda gömlum bílum gangandi, það borgar sig ekki,“ segir Özur Lárusson. -fb



ENGIN SKÝRING Özur Lárusson hefur enga haldbæra skýringu á verki verkefnastaðu á bílaverkstæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fallegur borðbúnaður frá þýska fyrirtækinu Kahla.

BOSCH
BÚÐIN

Verið velkomin.
Opíð í dag frá kl. 11 - 21.

Hlíðasmára 3 | www.bosch.is | Sími 520 3090

Tökum samningana ekki upp óbreytta

Stéttarfélög á opinbera vinnumarkaðnum telja að nýgerðir kjarasamningar á almenna markaðnum geti ekki orðið fyrirmynd að kjarasamningum þeirra. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga segir samið hafa verið um aukinn kaupmátt.

KJARAMÁL „Samningarnir sem gerðir voru á almenna markaðnum geta ekki orðið fyrirmynd að samningum fyrir kennara. Við höfum lýst því yfir að við göngum óbundin til samninga,“ segir Björg Bjarnadóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands.

Byrjunarlaun kennara eru nú rúmlega 300 þúsund á mánuði og samningar eru lausir í byrjun árs. „Við höfum ekki sett fram kröfugerð en það vita allir að það þarf að hækka laun kennara umtalsvert,“ segir Björg.

„Við munum ekki taka þessa samninga hráa upp. Ég hefði vilja sjá meiri jöfnuð í samningunum,“ segir Árni St. Jónsson, formaður SFR.

Samningar SFR eru lausir í lok janúar, lægstu laun félaga í SFR eru á bilinu 220 til 230 þúsund krónur. Árni segir að hans félags-



LAUSIR SAMNINGAR Þó að búið sé að semja á almenna markaðnum á eftir að semja við stéttarfélög opinberra starfsmanna, þar á meðal kennara sem telja sig eiga inni miklar hækkanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/OKR

menn leggi áherslu á launajöfnuð á milli almenna markaðarins og opinbera markaðarins. Launaskrið hafi orðið á almenna markaðnum en ekki hjá hinu opinbera.

„Það verður líka að taka á kynbundnum launamun í kjarasamningum og við munum leggja sérstaka áherslu á það,“ segir Árni.

„Mér sýnist að þeir samningar sem voru gerðir á almenna markaðnum geti verið grunnur að auknum stöðugleika í samfélaginu,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, en tekur fram að hann eigi þó eftir að kynna sér samningana betur. Hann segist telja að sveitarfélögin hafi fjárhagslegt bolmagn til að semja um álíka hækkanir og á almenna markaðnum.



BJÖRG BJARNADÓTTIR

ÁRNI ST. JÓNSSON

„Sambandið vill semja um stöðugleika, það skiptir mun meira máli en prósentuhækkanir á laun. Í okkar samningum komum við líka til með að leggja áherslu á að semja til lengri tíma en eins árs,“ segir Halldór.

johanna@frettablidid.is

→ **Viðhorf til kjarasamninga Fólkið á götunni**

Líst ekki vel á samningana

„Mér líst ekki vel á þessa samninga. Ég skil ekki hvernig þjóðfélagið kemst sífellt í þá stöðu að þeir sem minnst eiga sitji eftir.“

Aðalsteinn Bergdal



Held þeir séu ágætir

„Ég hef lítið hugleitt það, en ég held þeir séu ágætir.“

Ingólfur Kristjánsson

Fínir ef þeir skapa ekki verðbólgu

„Ef þeir eru ekki verðbólguþjálfari eru þeir fínir.“


Smári Vilhjálmsson



Bíður eftir sínum samningum

„Ég vinn hjá ríkinu og er því að bíða eftir mínum samningum.“

Jóhanna María Eyjólfadóttir



Vantar vígtennur í þessa kalla

„Ég veit ekki hvað mér finnst. Ég held það vanti vígtennurnar í þessa kalla.“


Hafðís Jóna Gunnarsdóttir



Launin hækka um þetta

Sá sem er með 246 þúsund á mánuði fær 8 þúsund króna launahækkun og ekki krónu meir um áramót. Sá sem er með 500 þúsund króna laun á mánuði fær 2,8 prósentu hækkanir. Mánaðarlaun hans hækka um 14 þúsund. Hann nýtur góðs af skattkerfisbreytingum ríkisstjórnarinnar, því hann borgar 1.965 krónum minna í skatt eftir áramót en fyrir áramót. Þetta skilar því 15.965 krónum á mánuði. Sá sem er með milljón á mánuði fær 28 þúsund króna hækkanir á laun sín og skattabreytingarnar skila honum 3.470 krónum á mánuði. Alls gera þetta 31.470 krónur í hverjum mánuði.

→ **Árleg hækkun launa**



Um þetta var samið

Lægstu laun samkvæmt nýgerðum kjarasamningum verkálýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins verða frá og með áramótum 214 þúsund krónur á mánuði.

Launataxtar hækka um 2,8 prósent. Laun þeirra sem eru með undir 230 þúsund krónum hækka um 9.750 krónur á mánuði. Þeir sem fá laun á bilinu 230 til 265 þúsund á mánuði fá 8.000 króna hækkanir.

Pessu til viðbótar samþykkti Alþingi breytingar á tekjuskattkerfinu. Efri mörk í lægsta þrepi tekjuskatts hækka úr 256 þúsund krónum í 290 þúsund og skattahlutfall í miðþrepi lækkar úr 25,8 prósentum í 25,3 prósent.

Hjálparstarf kirkjunnar

LÁTUM FRÍÐARLJÓSIÐ LÝSA UPP AÐVENTUNA

FRÍÐARLJÓSIN verða seld við eftirtalda kirkjugarða um jól og áramót. Þau fást einnig víða í verslunum.

GUFUNESS- OG FOSSVOGSKIRKJUGARÐUR
23. des. kl. 13-17
24. des. kl. 10-17
31. des. kl. 13-17

KIRKJUGARÐURINN VIÐ SUÐURGÖTU
23. des. kl. 13-16
24. des. kl. 10-16

KIRKJUGARÐUR AKUREYRAR
24. des. kl. 10-17
31. des. kl. 13-17

FRÍÐARLJÓS
HJALPARSTARF KIRKJUNNAR

Með því að kaupa FRÍÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

VER | SICHER | UNGS
KAMMER
BAYERN

Versicherungskammer Bayern á yfir 200 ára sögu aftur til ársins 1811.

*Gledileg jöl og
farsælt komandi ár*


Við þökkum viðskiptavinum okkar, sem telja nú yfir 20.000 og hafa valið tryggðan lífeyrir í evrum hjá Versicherungskammer Bayern, fyrir frábærar viðtökur á undanförunum árum.



SPARNADUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung
sem tilheyrir fyrirtækjasamstæðu
Versicherungskammer Bayern

Holtasmára 1, Kópavogi • Sími: 577 2025
Kaupvangsstraeti 4, Akureyri • Sími: 512 8060
sparnadur@sparnadur.is • www.sparnadur.is

 Finanzgruppe

Gleðileg jól

Á morgun drögum við út **200.000 kr.** eldsneytisúttekt.
Veifaðu ÓB-lyklinum í dag og vertu með í pottinum!

Í dag lýkur jólaleik ÓB og síðustu forvöð að nota lykilinn hjá Olís eða ÓB til að vera með í pottinum eða auka vinningsmöguleikana. Síðustu gullyklarnir verða jafnframt dregnir út í dag og á morgun. Nýttu þér 15 kr. afslátt af lítranum og taktu á móti jólnum með fullan tank.



Í DAG, MÁNUDAGINN
23. DESEMBER

-15 kr.

AF BENSÍNI OG DÍSEL HJÁ
ÓB OG OLÍS MEÐ LYKLINUM



Ætlar að fá pólitíska fanga lausa úr haldi

Mikhaíl Khodorkovskí ætlar að helga líf sitt pólitískum föngum í Rússlandi en lofar engu að síður að blanda sér ekkert í valdabaráttuna í rússneskri pólitík.

PÝSKALAND, AP Mikhaíl Khodorkovskí féllst á að fara úr fangelsi eftir að Hans-Dietrich Genscher, fyrrverandi utanríkisráðherra Þýskalands, sagði lögmönnum hans að Pútín Rússlandsforseti gerði það ekki lengur að skilyrði að hann viðurkendi sekt sína.

Þetta gerðist á föstudag, en Khodorkovskí hafði áður fengið þau svör að hann yrði því aðeins náðaður að hann játaði á sig þá glæpi sem hann var dæmdur fyrir.

Það var svo ekki fyrr en síðar sem Khodorkovskí fékk upplýsingar um að hann myndi fara beint til Berlínar, höfuðborgar Þýskalands.

Par í borg sat hann í gær fyrir svörum á blaðamannafundi rétt hjá Checkpoint Charlie, þar sem austurþýskir landamæraverðir

stóðu á sínum tíma vörð á milli Austur- og Vestur-Berlínar.

Hann sagði mikilvægt að frelsi sitt yrði ekki túlkað sem svo að nú væru engir pólitískir fangar eftir í Rússlandi. Þvert á móti ætli hann að gera allt sem hann gæti til að fá þá lausa úr haldi.

„Þann tíma sem ég á eftir langar mig til að helga því verkefni að greiða til baka skuldir mínar við fólk, og þá meina ég þá sem enn sitja í fangelsi,“ sagði hann.

Khodorkovskí þakkaði Genscher hvað eftir annað fyrir að hafa unnið árum saman á bak við tjöldin að því að fá sig látinn lausan. Einnig sagði hann ráðamenn og fjölmiðla á Vesturlöndum hafa átt mikinn þátt í því með því að draga sífellt athyglina að máli hans.



HITTI FORELDRA SÍNA Í BERLÍN Mikhaíl, fyrir miðju, ásamt Marínu og Boris Khodorkovskí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vitneskjan um þessi afskipti hafi einnig hjálpað honum að halda í vonina: „Fyrir fanga er vonin það mikilvægasta,“ sagði hann.

gudsteinn@frettabladid.is



RUSLAHAUGAR Á VIÐAVANGI Mafían hefur hent rusli í næsta nágrenni við kvæmra ræktarlönd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Losa úrgang við ræktarlönd í kringum Napolí:

Mafían eittrar fyrir ítölskum bæendum

ÍTALÍA, AP Yfirvöld á Ítalíu hafa bannað mörgum bæendum í nágrenni Napolí að selja afurðir af jörðum sínum. Ástæðan er sú að ræktarlönd er orðið mengað vegna þess að ítalska mafían hefur árum saman stundað það að losa úrgang úti á víðavangi.

Hættulega mikið magn af efnum á borð við arseník og blý hefur fundist í jarðveginum. Þetta hefur vakið upp mikla reiði meðal almennings, en mafían hefur nú gripið til þess ráðs að fara lengra með ruslið. Þar á meðal hafa fundist ruslahaugar úti á víðavangi

í Toskanahéraði, nánar tiltekið við borgina Prato sem er skammt norður af Flórens.

Ástæðan fyrir því að Camorra-mafían í Napolí leitar þangað norður eftir mun vera sú að í Prato hafa glæpagengi kínverskra innflytjenda komið sér vel fyrir, og góð tengsl eru sögð hafa myndast á milli Kínverjanna í Prato og maffinnar í Napolí.

Sorphirðumál í Napolí hafa verið í miklum ólestri árum saman, en mafían greip þá til sinna ráða og hefur fjarlægð ruslið með þessum vafasama hætti. -gb

Spánverjar halda sitt árlega stóra jólahappdrætti:

Spænska ríkið tekur væna fúlgu í skatta

SPÁNN, AP Milljónir Spánverja fylgdust með hinu árlega jólahappdrætti í gær, fjögurra tíma sjónvarpsútsendingu sem bjargaði jóluunum hjá allstórum hópi fólks.

Stóri vinningurinn, sem Spánverjar nefna El gordo, eða „hinn feita“, kom í hlut að minnsta kosti átta vinningshafa og fær hver þeirra þetta árið í sinn hlut 400 þúsund evrur, jafnvirði 64 milljóna króna.

Spænska ríkið hefur hins vegar gripið til þess ráðs að skattleggja vinningana, vegna kreppunnar sem enn hrjái Spánverja, og er það í fyrsta sinn sem það er gert. Ríkissjóður fær því þetta árið í sinn hlut 20 prósent af þeim 2,5 milljörðum evra sem greiddar voru út, eða fimm milljarða evra. Það jafngildir 800 milljörðum króna sem renna beint í ríkissjóðinn.

Annar vinningur í happdrættinu var 125 þúsund evrur, eða 20 milljónir króna.



KÁTIR VINNINGSHAFAR Starfsfólk á bensinstöð á Kanaríeyjum splæsti í freyðivín eftir að hafa fengið 125 þúsund evrur í vinning. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrir kreppuna, sem hófst 2008, sögðust vinningshafar iðulega ætla að nota peninginn til að kaupa sér bíl eða sumarbústað, eða fara í löng ferðalög.

Töluvert annað hljóð er nú komið í strokkinn. Flestir vinningshafar virðast ætla að nota peninginn fyrst og fremst til að greiða niður húsnæðisskuldir sínar og sjá svo til með afganginn ef einhver er. -gb

Fallegar jólagjafir

Trú, von og kærleikur – okkar hönnun



JÓN & ÓSKAR

jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

SIEMENS
Bakstursofn

Jólaverð: **149.900** kr. stgr.

HB 33G1541S (stál)
Einnig fáanlegur í hvítu og svörtu.



SIEMENS
Uppþvottavélar

Jólaverð (hvít): **129.900** kr. stgr.

SN 45M205SK (hvít)
SN 45M505SK (stál)

Jólaverð (stál): **149.900** kr. stgr.

Ráð Rón
GÓÐ KAUP



Gigaset
Símtæki

Jólaverð: **8.220** kr. stgr.

A510



SIEMENS
Ryksuga

Jólaverð: **19.990** kr. stgr.

VS 59E20



BOSCH
Safapressa

Jólaverð: **17.900** kr. stgr.

MES 20A0

1:a

Vendela
Borðlampar

Jólaverð: **8.900** kr. stgr.

Hæð: 35,5 sm.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



EINFALDLEGA ALLT TIL JÓLANNA



herrafatnaður



 Pél
100% merinoull

OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD,
ÞORLÁKSMESSU
SJÁ AFGREIÐSLUTÍMA
YFIR HÁTÍÐIRNAR
Á HAGKAUPIS



bækur



ÞÚ FÆRÐ ALLAN
HÁTÍÐAMATINN Í
HAGKAUP



leikföng



myndir



skór



náttföt



sængurföt



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA



HAGKAUP

Ein færð betra verð



ASA HÁLSMEN
9.700 kr.

ASA HRINGUR
9.900 kr.

ASA LOKKAR
9.700 kr.

Glaesilegar
jólágjafir



ROSENDAHL
24.900 kr.



ARNE JACOBSEN
64.900 kr.



CASIO
13.600 kr.



ARMANI
60.800 kr.

Ný vefverslun
á michelsen.is

M
MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
Sími 511 1900 - www.michelsen.is



FERÐAMENN Margvíslegir vaxtarbroddar í ferðapjónustu skila þjóðarúinu miklum tekjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rútópía, die Islandfrauen og opin orgelsmiðja fengu styrk

Hugmyndaauðgi fólks í ferðapjónustu einkennir úthlutanir styrkja úr Próunarsjóði ferðamála þetta árið. Ferðamálastjóri segir að kröfur og væntingar ferðafólks hafi breyst og ferðapjónustan sé að svara kallinu.

FERÐAPIJÓNUSTA „Úthlutunin sýnir að menn eru að kasta netinu mjög vítt til að koma til móts við ferðafólk. Menn sýna afspyrnumikla frjósemi,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri um úthlutun til verkefna úr Próunarsjóði ferðamála á miðvikudag.

Alls var úthlutað 33,5 milljónum króna og verkefni eru eins fjölbreytt og þau eru mörg, eða allt frá menningarvagni um lista-

og menningarheim Reykjavíkurborgar undir fororðinu Rútópía til opunar orgelsmiðju Björgvins Tómassonar fyrir sýningarhald og tónleika. Má einnig minnst á verkefni sem mun auðvelda heyrnarlausum að ferðast um landið með leiðsögn á táknaði og annað sem snýr að selaskoðun á Austurlandi undir dansandi norðurljósum. Reynt verður að setja krókinn í þýskar konur til sjálfs-

eflingar á Þingeyri og kynsystur þeirra kínverskar verða hvattar til Íslandsdvalar.

Ólöf segir að á undanförunum árum hafi væntingar ferðamanna breyst talsvert. Þróunin hafi verið frá því að ferðamenn voru óvirkir neytendur yfir í það að fólk vilji upplifa eitthvað sérstakt. Íslensk ferðapjónusta sé meðvituð um þessa breytingu og sé að koma til móts við þessa breyttu hugsun.

Að sjóðnum standa Landsbankinn og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Markmiðið með starfrækslu hans er að efla starfsemi fyrirtækja í ferðapjónustu utan háannatíma og auka arðsemi þeirra.

Þetta er í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum og barst honum 61 umsókn að þessu sinni.

svavar@frettabladid.is

STYRKIR ÚR PRÓUNARSJÓÐI FERÐAMÁLA ÁRIÐ 2013:

1. Hestasport – Ævintýraferðir – Í ríki hestsins í Skagafirði

- Markmiðið er að efla vetrarhestaferðamennsku í Skagafirði. Undir leiðsögn reyndra reiðkennara fá þátttakendur tækifæri til að reyna allar gangtegundir á framúrskarandi hestum á „heimavelli“ yfir vetrartímann.

2. Okkar konur í Kína – Sterkari saman – allt árið

- Markaðssókn á Asíumarkað með megináherslu á Kína. Unnið að fjölgun verðmætra ferðamanna, sem leggja upp úr sérstakri upplifun og lengri dvöl en almennt tíðkast.

3. Djúpavogshreppur – Haustafþreying í Djúpavogshreppi

- Markaðssetning smalamennsku og hreindýraskoðunar, veiða á ref og mink og skoða sel á bátum í umhverfi myrkurs og norðurljósa.

4. Henry Fletcher – Wildfjords Trail

- Wildfjords Trail er

stígur í villtri náttúru Íslands á milli Ísafjarðar og Látrabjargs. Með því að fara hann mun fólk gefast kostur á að upplifa einstaka náttúru svæðisins.

5. Íslenski bærinn – Íslenski bærinn

- Ætlunin er að gefa út yfirlit um íslenska torfbæjararfinn í ljósi vistvænnar byggingarlistar. Íslenski bærinn mun samanstanda af heil-stæðu húsaþorpi og gert er ráð fyrir að fjöldi gesta sækji það heim á næstu árum.

6. Helga Hausner – Die Islandfrauen

- Skipulagning og markaðssetning vikunámskeiða í sjálfsefningu sem fram fara að vetrarlági á Þingeyri og ætluð eru þýskumælandi konum.

7. Friður og frumkraftar – Náttúrutengd upplifun fyrir menntaskólahópa

- Verkefnið snýst um að þróa náttúrutengda upplifun fyrir menntaskólahópa í Skaftárhreppi innan Kötlu jarðvangs þar sem aðalupp-sprettan er íslenskur mosi.

8. Björgvin Tómasson sf. – Orgelsmiðja

- Hugmyndin felst í því að opna orgelsmiðjuna almenningsi. Sett verður upp fræðslusýning um starfsemina. Einnig verða hljóðfæri til sýnis og aðstaða útbúin fyrir tónleikahald.

9. Rútópía fyrir ferðamenn – Rútópía, ferð um mannlíf og menningu

Reykjavíkurborgar - Farþegar ferðast í gömlum menningarvagni um listaheim og menningarlíf Reykjavíkurborgar. Þátt-takendur kynna listafólki og öðrum sem á veginum verða, á fræðandi og óvæntan hátt.

10. Austurför ehf. – Veiði- og útivistarveisla á Fljótsdalshéraði

- Veiði- og útivistarveislan dregur fram styrkleika Fljótsdalshéraðs þegar kemur að veiði og útivist og stuðlar að því að lengja ferðamannatímabilið inn í veturinn.

11. Sjálfseignarstofnun Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar – Þingeyri

áningarstaður Vestfjarða, allt árið

- Markmiðið er að skapa sameiginlegan vettvang og opinberan móttökustað fyrir ferðamenn sem heimsækja Þingeyri.

12. Skagaferðir ehf. – Taste-Iceland

- Skipulagðar ferðir um Akranes og nærsveitir fyrir erlenda ferðamenn til að kynna sér atvinnu-hætti og menningu heimamanna með áherslu á matarmenningu.

13. Ferðapjónustan Döff – Ferðapjónustan Döff

- Ætlunin er að bjóða heyrnarlausum erlendum ferðamönnum að aka þeim um Ísland og veita leiðsögn á táknaði.

14. Tasting Iceland – Tasting Iceland

- Markmiðið er að skipuleggja sælkeriferðir til Íslands og laða að ferðamenn frá Bandaríkjunum og Kanada á haustin með áherslu á góðan íslenskan mat.

Kvinnadeild Rauða krossins í Reykjavík sendir sjálfboðaliðum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár og þakkar þeim vel unnin störf í þágu deildarinnar.



Rauði krossinn
Reykjavík Kvinnadeild



**OPNUNARTÍMAR
FRAM AÐ JÓLUM**
23. DES. 10-23
24. DES. 10-12

HLÝTTÍVETUR MEÐ DEVOLD

Ellingsen býður mikið úrval af hinum eina sanna norska Devold ullarnærfatnaði, sem heldur á þér hita þó að þú blotnir. Börn og annað útivistarfólk elskar Devold og við spáum hlýjum vetri, sama hvernig veðrið verður.



DEVOLD ACTIVE
Svartur, kk. Stærðir S-XXL
11.990 KR.



DEVOLD ACTIVE
Svartar, kk. Stærðir S-XXL
10.990 KR.



DEVOLD ACTIVE
Kvk. Stærð XS-XXL
10.990 KR.



DEVOLD ACTIVE
Kvk. Stærðir XS-XXL
10.990 KR.



DEVOLD EXPEDITION M. HETTU
Svartur, kvk. Stærðir S-XL
Svartur, kk. Stærðir S-XL
14.990 KR.



DEVOLD SPORT POLO
Rauður, kvk. Stærðir S-XL
Blár, kk. Stærðir S-XXL
12.990 KR.



DEVOLD SPORT
Bleikar, kvk. Stærðir S-XL
Svartur, kk. Stærðir S-XXL
10.990 KR.



DEVOLD ACTIVE BOLUR
Stærðir 2-16
6.990 KR.



DEVOLD ACTIVE BARNABUXUR
Stærðir 2-16
6.990 KR.



DEVOLD ACTIVE BABY
Stærðir 74-98
6.490 KR.



DEVOLD ACTIVE BABY
Stærðir 74-98
5.490 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 •
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

ALLT TIL JÓLANNA Í HAGKAUP



FERSKT MEÐ FLUGI



- Bæjuber
- Kirsuber
- Trönuber
- Jarðarber
- Rifsber



- Brómber
- Hindber
- Bláber
- Vínber



FERSKT MEÐ FLUGI FRÁ FRAKKLANDI



699kr/pk

Rians eftirrættir

La Crème Brûlée, La Crème Brûlée au Chocolat, La Crème aux Spéculoos. Eftirrættir fyrir tvo.



Jólstaðir



Nýbakaðar jólasnákökur Hagkaups

Ljúffengar snákökur bakaðar á staðnum.



Úrval af jólaservíettum og kertum



Hátíðakaffi frá Kaffitár

299kr/stk
v.á. 379



Nýbakað Jólbrauð



Hamlet skeljakonfekt

AFGREIÐSLUTÍMI YFIR HÁTÍÐIRNAR

	SKEIFAN EIBJÓRÐ GARBÆR	SMÁRALIND KRINGLAN	AKUREYRI	SPÖNGIN	HOLTA-GARBÆR	NJARBÍK BORGARNES SELFOSS
MÁN 23. DES	24 TÍMA	10-23	10-24	10-23	10-23	10-23
ÞRI 24. DES	OPPIÐ TIL 16	9-14	9-14	9-14	9-14	9-14
MIÐ 25. DES	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ
FIM 26. DES	OPNAR 11	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ
FÖS 27. DES	24 TÍMA	11-20	11-24	11-20	11-20	11-19:30
LAU 28. DES	24 TÍMA	10-20	10-24	10-20	10-19	10-18



SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP

ÞETTA EINA SANNA!

Hagkaups smjörspuertað kalkúnaskip

Undanfarin 12 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörspuertað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



3.298kr/kg



3.499kr/kg

Íslandslamb Hangikjöt



Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

1.999kr/kg

SALT MINNI! Hagkaups Hamborgarhryggur



Stór humar í úrvali

Stærð 7-9, stærð 9-12 og blandaður súpuhumar.



1.359kr/stk

Skosk rjúpa

Rjúpan er bragðmikil villibráð, kjötið dökkt, finlegt og mjúkt. Mikilvægasti þátturinn við matreiðslu á rjúpu er sósan. Galdurinn við gerð góðrar rjúpusósu er að sjóða kraft af beinum rjúpunnar og afskurði.



lundir 13.999kr/kg

file 11.999kr/kg

Hreindýralundir og file

Hreindýrakjöt er dökkt með sterku villibráðabragði. Það má segja að kjötið sé sjálfmarinerað því hreindýrið lifir á sterkum jurtum. Þýðingarmesti þátturinn við matreiðslu á hreindýrakjöti er að ofelda það ekki.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Ys og þys við undirbúning jólanna

Margt var um manninn á Laugaveginum og í Kringlunni í gær þegar Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fangaði stemninguna í myndum. Síðustu daga fyrir jól eru iðulega margir á hlaupum við að klára jólainnkaupin og gera allt klárt fyrir hátíðina. Aðrir sem hafa ef til vill klárað jólaundirbúninginn snemma mæta í mannmergðina til að taka inn jólastemninguna og bragða á piparkökum.



Jeppadekk

Jeppinn stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu orku, aksturseginnleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja dekk við hæfi í vetur.

driven to perform

TAKE CONTROL

Þjónustusími: 561 4210
 Reykjavík • Fiskislóð 30
 Reykjavík • Grjóthálsi 10
 Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9

Bílabúð Benna
 Sérfræðingar í bílum
Þjónustuborð: 590 2000
 Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045

Víð elskum jólin



JÓLA
GJAFIR

TAX FREE

**RAFMAGNSVERKFERI • SMÁRAFTÆKI
BÚSÁHÖLD • ÚTVISTARFATNAÐUR • LEIKFÖNG**



MIKIÐ
ÚRVAL AF
JÓLAGJÖFUM

OPIÐ Í KVÖLD UM LAND ALLT
Skútuvogur opið til kl. 22:00

Grafarholt, Hafnarfjörður, Akureyri, Selfoss opið til 21:00

Sjá lengri afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is


blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA



*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“ Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmíðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

ÁRIÐ 2013 SÉÐ MEÐ AUGUM GUNNARS KARLSSONAR



HÁTÍÐ Í BÆ

Þú færð jólasteikina í Iceland



2998 KR. KG.

TADREYKT HANGILÆRI ÚRBEINAD
FRÁ FJALLALAMBI

1698 KR. KG.

HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
FRÁ ESJU

178

EGILS JÓLAÖL & APPELSÍN
500 ML

188

EGILS MALT & APPELSÍN
500 ML

ALLT MEÐLÆTIÐ OG MEIRA TIL

158



Egils malt og appelsín,
33 cl

168

158



Ora grænar baunir,
420 g

398



Rauð jólaepli

598



Súkkulaðiþjúpuð kirsuber,
24 stk.

1698



Ömmubakstur laufabrauð,
15 stk.

1998



Baileys kaka,
1200 g



LOKAÐ FRÁ KL. 16.00 Á AÐFANGADAG TIL
KL. 00.00 AÐ KVÖLDI JÓLADAGS 25. DESEMBER.
OPIÐ 24 TÍMA GAMLÁRS DAG OG NÝÁRS DAG
ICELAND, ENGIHJALLA

Iceland

Kjarasamningar kennara:

Þarfir nemenda en ekki kennara

Við erum ekki að gera það sem passar nemendum heldur það sem passar kjarasamningum, sagði Ársæll Guðmundsson, formaður Skólameistarafélags Íslands og skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, í fróðlegu viðtali við Sigurjón M. Egilsson á Bylgjunni í gær. Ársæll hefur áhyggjur af stöðu framhaldsskólanna en á Íslandi útskrifumst við elst allra innan OECD og erum að jafnaði fjórum árum lengur í námi. Enda er brottfall úr framhaldsskólum hér á landi með því mesta í heimi.

Umræðuefnið í þættinum í gær var kennsluskylda kennara en hún nemur 24 kennslustundum á viku samkvæmt kjarasamningum. Samkvæmt Ársæli fara um 38 prósent af vinnutíma kennara í kennslu

Mikael Torfason



mikael@frettabladid.is

og er það með því lægsta innan OECD. Kennarar gera samt annað en að mæta í kennslustundir og kenna nemendum. Það vitum við öll. Ársæll bendir hins vegar réttilega á að námsárið sjálf er illa nýtt og þannig fara aðeins 29 vikur af þeim 52 sem eru í árinu í kennslu. Hann vill fjölga kennsluvikum með því til dæmis að hætta að eyða sex vikum í svokallaðar prófavikur á hverju ári en allar slíkar hugmyndir eru, að hans sögn, skotnar niður af Kennarasambandi Íslands.

Ársæll segir okkur nálgast málefni kennara oft eins og kennarinn sjálfur sé að fremja einhvern glæp. Auðvitað er það ekki svo og nauðsynlegt að ná umræðunni strax upp úr því hjólfari. Lagaramminn og kjarasamningar þrængja verulega að kennslustarfinu og hendur stjórnenda skólanna eru bundnar. Ársæll getur til dæmis ekki sagt upp starfsfólki, hvorki vegna vanhæfis né fjárskorts, öðruvísi en að Kennarasamband Íslands fari í mál og krefjist að meðaltali tíu milljóna í skaðabætur.

„Það er gríðarlegur tími og fjármunir sem fara í þessi mál,“ segir Ársæll sem gagnrýnir forsvarsfólk kennaranáms á Íslandi „fyrir að hleypa nánast öllum í gegn“. Það er nefnilega þannig að til er fólk sem á ekki að koma nálægt börnunum okkar en stjórnendur skóla hér á landi þurfa oft að sætta sig við vanhæft starfsfólk af ótta við málaferli.

Framhaldsskólinn hefur breyst mikið síðustu ár. Ekki er langt síðan flestir nemendur voru sjálfráða einstaklingar en í dag er stór hluti nemenda enn börn í skilningi laganna. Hér á landi reukum við líka opinn skóla og kennarar þurfa að sinna þörfum fjölbreyttari hóps. Það er lítið rúm fyrir þróun skólastarfsins og löggjöf og kjarasamningar binda hendur kennara og stjórnenda. Við lesum um afleiðingarnar í fréttum af lélegu gengi íslenskra ungmenna í alþjóðlegum könnunum. Við erum að dragast aftur úr og Ársæll finnur vel fyrir því í sínu starfi sem skólameistari við iðnskóla. Aðeins einn kennari á Íslandi kennir pípulagnir sem dæmi. Við þurfum að gera miklu betur og setja þarfir nemendanna, krakkanna okkar, í fyrsta sæti.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Konu í embætti útvarpsstjóra

Það eru margir nefndir sem hugsa legir kandiðatar í embætti útvarpsstjóra. Margir telja að það sé kominn tími til að velja konu til starfans. Af konum sem nefndar hafa verið síðustu daga má nefna Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrrverandi menntamálaráðherra og fyrrverandi starfsmann RÚV. Ljóst er að margir telja hana góðan kandiðat. Þá hefur nafn Elínar Hirst, fyrrverandi fréttastjóra á RÚV, verið nefnt og Svanhildar Hólm, aðstoðarkonu Bjarna Benediktssonar, en hún er líka fyrrverandi starfsmann RÚV. Þessar konur eiga það sameiginlegt að vera


sjálfstæðiskonur og þekkja starfsemi RÚV út og inn.

Prófessor Kári

Netverjar velja því fyrir sér þessa dagana hvornig á því standi að Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, með meiru, hafi enn og aftur verið ráðinn prófessor við Háskóla Íslands. Spurt er hverju þetta sæti í því ljósi að fréttir hafa verið sagðar af því ítrekað, allt frá árinu 2009, að Kári hafi verið skipaður, ráðinn eða gegni, einmitt þessari virðingarástæðu við skólann. Einhverjir hafa látið að því liggja að þetta sé illskiljanlegt, en ekki óvænt þar sem Kári er þekktur fyrir að velja ekki alltaf augljósustu leiðina.

Fréttablaðið gekk í málið og fékk þær upplýsingar frá HÍ að Kári hefði gegnt stöðu gestaprófessors um nokkurt skeið. Því er hægt að greina frá því hér að Kári hefur í fyrsta sinn verið ráðinn í stöðu prófessors við skólann, með kennsluskyldu og öðru sem því tilheyrir. Staða gestaprófessors er fyrst og síðast táknræn virðingarástæða. Oftast á í hlut fólk sem þegar er í miklu samstarfi við viðkomandi háskóla, eða hefur jafnvel sinnt kennslu. Við skólann starfa á milli 60 og 70 gestaprófessorar. Staðan er ólaunuð, í nær öllum tilvikum.

johanna@frettabladid.is
svavar@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Öflug stjórnarandstaða skilar árangri

STJÓRN MÁL



Árni Páll Árnason
alþingismaður

Ríkisstjórnin lagði fram furðulegt fjárlagafrumvarp síðastliðið haust. Sköttum var létt af þeim sem best voru í færnum til að bera þá og tekna aflað með því að skera niður í heilbrigðisþjónustu, menntun, atvinnuþróun og rannsóknum. Framlög til ríkisstjórnarinnar sjálfur voru hækkuð um 23%. Ný gjöld voru lögð á sjúklinga sem áttu að vera þeim mun hærri sem þeir þyrftu á lengri spítalavist að halda.

Í samningum við þinglok fékk stjórnarandstaðan samþykktar breytingar, sem skipta miklu máli. Við fengum samþykkt að sett yrði á fót nefnd fulltrúa allra flokka sem útfæri gjald á nýjar fiskteygundir í íslenskrí lögsögu, þannig að unnt verði að leggja sérstakt gjald á makrílúthlutun strax á næsta ári.

Við fengum sjúklingagjöldin burt. Við fengum því framgengt með góðri samvinnu við verkalyðshreyfinguna að desemberuppbót yrði greidd.

Við fengum líka aukin framlög í ýmsa þróunar- og rannsóknasjóði og afnumið nýtt hámark á þeim þróunarkostnaði sem fyrirtæki geta fengið endurgreiddan. Þannig er hluta af aðför ríkisstjórnarinnar að rannsóknum og þróunarstarfi hrundið.

→ Það var gaman að sjá barða ráðherra reyna að bera sig mannalega við þær aðstæður.

Við í Samfylkingunni lögðum líka til ítarlegar breytingatillögur við skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar, því tillögur hennar nýttust einvörðungu hinum best settu. Tillögur okkar voru samhljóða þeim hugmyndum sem ASÍ hafði sett fram. Ríkisstjórnin kaus engu að síður að löggesta óréttlætið.

Aðilar vinnuarkaðarins reyndust hins vegar á sama máli og við í Samfylkingunni. Því var ríkisstjórninni stillt upp við vegg og hún knúin til að draga til baka dagsgamla lagasetningu og lagfæra hana í átt til þess sem tillaga Samfylkingarinnar hafði hljóðað upp á. Það var gaman að sjá barða ráðherra reyna að bera sig mannalega við þær aðstæður.

Niðurstaðan er því skárrí en það frumvarp sem lagt var upp með, þótt ekki sé það gott.

Einbeittur vilji ríkisstjórnarinnar til að lækka skatta á ríkustu 10% þjóðarinnar og andstaða hennar við skattalækkun til lágtekjufólks er það sem helst veldur óróa á vinnuarkaði.

Lifandi fiðluleikur kl 18.00

Alger gullmoli

ANNA MARÍA
DESIGN
GULLSMÍÐUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

Þorláksmessuóður

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Þorláksmessa er aðfangadagur Aðfangadags Jóna. Hún er andartakið eftir að við drögum að okkur andann og áður en við öndum frá okkur; stundin rétt áður en tjaldid lyftist og leikurinn hefst og við finnum gleðina innra með okkur yfir því að nú sé í aðsigi sjálf hátíð ljóssins. Þorláksmessa er andartakið þegar tíminn stöðvast sem snöggvast og við getum komið öllu því í verk sem eftir er að gera.

Alíslensk hátíð

Þetta er sem sagt alíslensk hátíð. Flestum er hulið hvers vegna hún er haldin – Þorlákur helgi? eða var það Þorlákur þreytti? – en um leið er það tekið með trompi að halda hana. Göturarnar íða og anga þennan dag. Fólkið þyrpist út og breytist í mannhaf og allir með þennan glampa í augunum. Það er Þorláksmessuglampinn, því að Þorláksmessa er hin eina sanna trúarhátíð Íslendinga. Fólkið gerir það sem því líkar best – hittir vini, kaupir alls konar dót handa ástvinum, drekkur, borðar spaugilegan mat, faðmast, syngur, kyssist – lifir í augnablikinu sem verður nokkurn veginn eins langt og okkur lystir að hafa það – og eyðir meiri

peningum en það mun nokkru sinni fá varið fyrir sjálfu sér að hafa gert þegar komið er fram á útmánuði. En útmánuðir eru á öðru ári; þeir eru einhvers staðar þarna lengst – í annarri vídd.

Í dag eru allir með hugann við gjafir handa öðrum. Það er fallegast við Þorláksmessu og skýringin á þessum glampa í augunum: Hvernig fer ég að því að gleðja eina sérundaða frænku og afundinn frænda; hvernig finn ég eitthvað handa þeim sem allt eiga og ekkert vilja? Hvað finnst mér um viðkomandi og hvernig fer ég að því að tjá það með gjöf? Sá sem gefur bók segir nefnilega: Mér finnst þú vera svona manneskja sem lest bækur; fáir maður hálsmen eða hring frá einhverjum merkir það: Mér finnst þú vera fögur manneskja og skartið prýða þig. Sá sem gefur öðrum þrjónahúfu segir: Þér má ekki verða kalt á hausnum.

Og þannig skundar fólk fram og til baka í búðunum með glampa í augunum. Margt fólk er að vísu svo forsjált að hafa keypt allar jólagjafirnar snemma í desember – ef ekki hreinlega einhvern tímann í sumar í einhverju malli í Birmingham – en slíkt fólk er ekki santrúaðir Þorláksmessu-Íslendingar; sannur Þorláksmessumaður á eins mikið eftir og mögulegt er þegar upp rennur þessi dagur kraftaverkanna – helst allt: að þvo gólf og veggi og skápa, spegla og glugga, að strauja alla dúka, að kaupa allan matinn, baka, skipta á rúmum, fara í bæinn og kaupa allar gjafir, pakka þeim inn, skrifa

Fólkið þyrpist út og breytist í mannhaf og allir með þennan glampa í augunum. Það er Þorláksmessuglampinn, því að Þorláksmessa er hin eina sanna trúarhátíð Íslendinga.

merkisþjöldin, greiða úr seríunum, kaupa jólatré – fara í skötu, fá sér snafs, ganga í Friðargöngunni, reka inn nefið hjá frænkuinni sem býr í miðbænum og heldur alltaf boð þennan dag ... moka tröppurnar, salta stéttina, baða köttinn, bera á skíðin, gefa hreindýrunum ...

Hvaða Þorlákur?

Þetta var sem sé Þorlákur helgi biskup Þórhallsson, tekinn í dýrlingatölu á 12. öld og í jarteinabók hans má lesa um mörg undursamleg kraftaverk sem urðu við það þegar menn hétu á hann til stuðnings við sig og sína iðju: ekki síst gafst vel við ölgerð að heita á sælan Þorlák og er hann dýrtingur ölgerðarmanna, en í bókinni má líka lesa um það þegar gullsyngja fannst eftir að hafa verið týnd í mörg ár vegna yfirnáttúrlegra afskipta hans, týnd öxi fannst, blind ær fékk aftur sjón, svangur maður náði að veiða marga fiska en kona veiddi sel, þrjótlyndur vinnumaður bætti ráð sitt, hrakin kýr varð heil, sjúkur hestur líka og augnverkur úr manni hvarf – og er þá fátt eitt talið af þeim indælu kraftaverkum sem urðu



eftir að fólk hét á hann að duga sér.

Hann hefur þannig verið nokkurs konar reddingamála-ráðherra gegnum aldirnar; hann er okkar sankti Nikulás. Og það verður í mörg horn að líta hjá honum í dag.

Hann á marga fylgjendur. Þau sem halda upp á Þorláksmessu í sönnum Þorláksmessu-anda vegna þess að þau trúu og treysta á sælan Þorlák – þau eiga æði margt eftir að gera á Þorláksmessu. Þau vita líka að allt mun bjargast þennan dag; öllu munu þau ná og því sem þau ná ekki – það tók því ekki að ná því.

Þorláksmessan er trúarhátíð hinna séríslensku trúarbragða sem hér hafa þróast smám saman og hefur verið lýst í einni setningu: „Þetta reddast.“

Og sjá: Allt reddast þennan dag.

Gleðileg jól, kærur lesendur.

Af netinu

Vinnustaðasamninga í lög

Fyrir löngu reyndum við nokkur á þingi að fá löggjöf breytt þannig að vinnustaðasamningar væru heimilir og studdir með ráðgjöf af verkalýðsfélögum. Tilgangurinn var að ná fram réttlátari tekjuskiptingu. Þróun auðskiptingar síðustu 30 ár hefur sýnt að núverandi fyrirkomulag samninga dugir jú til að halda í við verðlagsþróun en æ stærri hluti tekna fyrirtækjanna lendir nú í vasa eigendanna í stað þess að dreifast með jafnari hætti milli allra starfsmanna, allra sem skapa tekjurnar. [...] Þessu verður ekki breytt nema með lögbundnum rétti til vinnustaðasamninga í faglegu samstarfi við verkalýðsfélög. „Samstaðan“ felst í því að löggjafinn styðji þessa aðferð til réttlátari tekjuskiptingar.

blog.pressan.is/steben

Stefán Benediktsson

Lýðskrumarinn og fjölmiðlarnir

Ég hef komið að gerð kjarasamninga með einum eða öðrum hætti nánast allan minn starfsaldur. Fyrst sem áhugamaður, síðan sem trúnaðarmaður, þá í samninganefnd og svo sem forsvarsmáður landssambands. Í hverjum einustu kjarasamningum upplifir maður það, að upp rísa einstaklingar sem lofa miklum launahækkunum, þeir ná oftast athygli fjölmiðla og það er nákvæmlega það sem þessir einstaklingar þrífast á, lýðskruminu. Lýðskrumarinn veit að hann mun ekki geta staðið við innstæðulaus loforð sín og alltaf er fyrir séð hvernig hann muni bregðast við.

gudmundur.eyjan.is

Guðmundur Gunnarsson

**EKKERT MSG
ENGIN TRANSFITA
ENGIN LITAREFNI**

Köttbuljong
12 TÁRNINGAR GER 6 LITER

UTAN TILLSATTA SMAKFÖRSTÁRKARE
UTAN FÁRGÄMMEN
UTAN HÁRDAT FETT

SVENSK MAT-TRADITION
GUSTAF BONG
1890

Kycklingbuljong
12 TÁRNINGAR GER 6 LITER

UTAN TILLSATTA SMAKFÖRSTÁRKARE
UTAN FÁRGÄMMEN
UTAN HÁRDAT FETT

SVENSK MAT-TRADITION
GUSTAF BONG
1890

- Hrein snilld -

Í ELDAMENNSKUNA

Gerðu máltíðina enn betri með teningunum frá Bong
því þeir laða fram það besta úr góðu hráefni.

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

**Bestir
í kjöti**

Úr kjötbörð

**20%
afsláttur**
aðeins í dag,
Þorláksmessu

Rauð og
græn vínber
í boxi

429 kr./pk.
~~479~~ kr./pk.

Jóla Brie,
250 g

638 kr./stk.
~~709~~ kr./stk.

Gamli
amsterdam,
250 g

998 kr./stk.

President
La Brique,
200 g

1029 kr./stk.

Cabrettes
geitaostur,
150 g

698 kr./stk.

Ritz saltkex,
200 g

188 kr./pk.
~~198~~ kr./pk.

Frón ostakex,
2 tegundir

228 kr./pk.
~~259~~ kr./pk.

St.Dalfour sultur,
4 tegundir

418 kr./stk.
~~495~~ kr./stk.



Ungnauta
ribeye

3998 kr./kg

Verð áður: ~~4998~~ kr./kg

Opið til miðnættis í kvöld
Opið til kl. 15 á aðfangadag

**20%
afsláttur**

Lamba-
hryggur

1798 kr./kg ~~2298~~ kr./kg

**25%
afsláttur**

Tvíreykt
Húsvíkur
hangilæri, úrb.

2998 kr./kg ~~3998~~ kr./kg

**15%
afsláttur**

Grísabógur,
hringskorinn

798 kr./kg

Grísahryggur
m/pöru

1098 kr./kg ~~1298~~ kr./kg

Opið til
miðnættis
alla daga

8·24

NÓATÚN

KRÓNAN



- fyrst og fremst
ódyr og snjöll

FRÁBÆRT
VERÐ!

4. sæti
í bragðkönnun DV

1398 kr.
kg

Krónu hamborgarhryggur

JÓLIN KOMA
Á MORGUN!

3749 kr.
kg

Húsavíkur hangilæri, úrbeinað

1398 kr.
kg

Lambalæri trönuberja- og eplamarinerað

25%
afsláttur

598 kr.
kg

Verð áður 798 kr. kg
Svínabógur, hringskorinn

Opið til kl. 23 í kvöld í öllum verslunum

GLEÐILEG JÓL



859 kr. pk.

Quality street, 350 g



1 kg

2860 kr. pk.

Nóa konfekt, 1 kg



359 kr. kg

Jólaepli rauð, frá USA

SAFARÍKAR
KLEMENTÍNUR



2,3 kg

795 kr. kassinn

Klementínur, 2,3 kg



2799 kr. pk.

Ostahúsið, ostakarfa nr. 1



1980 kr. stk.

Kjöris konfektisterta 12manna



142 kr. stk.

Egils maltöl, í gleri



124 kr. stk.

Egils appelsín, í gleri



129 kr. stk.

Coke, Coke light, Coke Zero í gleri

Opið til kl. 23 í kvöld í öllum verslunum

Gleðilega hátíð



**Starfsfólk Íbúðalánasjóðs
óskar landsmönnum öllum
gleði og friðar á jólum
og gæfu á komandi ári.**

Sjóðurinn er lokaður á aðfangadag.



MERKISATBURÐIR

1193 Þorlákur Þórhallsson biskup í Skálholti deyr, sextugur að aldri. Helgi hans var lögtekin á Alþingi hinn 29. júní 1198 en ári síðar var ákveðið að 23. desember skyldi verða messudagur hans.



EMIL JÓNSSON fyrrv. formaður Alþýðuflokksins og forsætisráðherra.

1956 Richard Nixon, þáverandi varaforseti Bandaríkjanna, heimsækir Ísland og hittir Ásgeir Ásgeirsson forseta á Bessastöðum.

1958 Ríkisstjórn Alþýðuflokksins tekur við völdum. Hún situr í ellefu mánuði undir forsæti Emils Jónssonar.

1968 Til átaka kemur í Reykjavík milli lögreglu og fólks sem mótmælir þátttöku Bandaríkjanna í Víetnamstríðinu. Atburðurinn er nefndur Þorláksmessuslagurinn.

Neyðarsöfnun á Þorláksmessu

Félagið Ísland-Palestína stendur fyrir sölu til styrktar íbúum Palestínu.

Félagið Ísland-Palestína stendur fyrir árlegri sölu og neyðarsöfnun til handa íbúum hertekinnar Palestínu, níunda árið í röð, á horni Bankastrætis og Skólavörðustígis í dag. Þar verða ýmsar vörur í boði frá og til stuðnings Palestínu frá klukkan 15 til miðnættis.

Meðal þess sem í boði verður eru palestínskir keffiyeh-klútur, ólífusápa frá Nablus, handgerðir smáhlutir frá Vesturbakkanum, nælur og fleira, auk nýrra bola sem listamaðurinn og fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir hannaði sérstaklega fyrir félagið og Þorláksmessusöluna. Hönnunin hefur vísun í kvenréttindabaráttu í Palestínu og ágóði bolasölu og rennur til Aisha – Association for Women and Child Protection á Gaza.

Allur ágóði söluunnar rennur óskiptur til íbúa hertekinnar Palestínu. Undanfarin ár hefur Þorláksmessusalan meðal annars stutt við Project Hope æskulýðsverkefnið í Nablus, palestínsku læknaþjálfarnefndirnar (UHCW) og samtökin Aisha – Association for Women and Child Protection á Gaza.



FRÁ PALESTÍNU Félagið Ísland-Palestína selur ýmsar vörur frá og til stuðnings Palestínu. NORDICPHOTOS/AFP

PETTA GERÐIST: 23. DESEMBER 1981

Hornsteinn lagður að Þjóðarbókhöllu

Hornsteinn var lagður að Þjóðarbókhöllu í Reykjavík þennan dag árið 1981. Bygging hússins tók hins vegar nokkuð langan tíma, eða um fimmtán ár. Byggingarsjóður Þjóðarbókhöllunnar var fjársveltur og þótt sérstakur skattur hafi verið lagður á nafni byggingarinnar þá skiluðu þeir peningar sér ekki í sjálfa framkvæmdina.

Byggingin var loks opnuð almenningi 1. desember árið 1994 og á sama tíma var Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

opnað eftir sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns.

Aðalstarfsemi safnsins fer fram í Þjóðarbókhöllu. Safnið hefur einnig yfir öðru húsnæði að ráða til geymslu gagna. Að auki rekur það útibú í nokkrum byggingum Háskóla Íslands. Helstu verkefni safnsins eru að varðveita handritasöfn og halda uppi bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu og rannsóknna svo fátt eitt sé nefnt.



Þorláksmessan er frábær afmælisdagur

Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju, fagnar sextugsafmæli sínu í dag en ætlar þó ekki að leggja sér skötu til munnis. Hann segist meira fyrir hrátt hangikjöti að norðan.

„Ég og Jesú eigum afmæli á svipuðum tíma og höldum upp á þetta saman,“ segir dr. Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju, sem fagnar sextugsafmæli sínu í dag. Spurður hvort dagsetningin, sjálf Þorláksmessan, hafi nokkurn tíma orsakað vandamál varðandi stress og fleira sem sækir að mörgum svo skömmu fyrir jóli segir Sigurður að foreldrar hans hafi alltaf passað upp á að afmælisdagurinn væri hátíðisdagur. „Eftir að ég fullorðnaðist hefur líka verið tekið tillit til afmælisins á mínu heimili og jólaundirbúningnum að mestu lokið 22. desember. Mér hefur því alltaf þótt Þorláksmessa frábær afmælisdagur og þá byrjar hátíðin á okkar bæ,“ segir hann.

Presturinn leggur sér þó ekki skötu til munnis eins og margir aðrir í dag. „Skata hefur aldrei verið kostur á mínu heimili. Þabba og mömmu líkadi ekki skata og mér hefur alltaf þótt lyktin af henni vond, en bragðið þó ágætt. Ég er hrifnari af hráu hangikjöti sem ég fæ sent að norðan og býð vinum og vandamönnum upp á í tilefni afmælisins,“ útskýrir Sigurður. „Ég hélt fimmtugsafmæli mitt í Hallgrímskirkju en þá var ég prestur þar. Í þetta sinn held ég afmæli í safnaðarheimili Neskirkju. Þar þjóna ég og þar er dásamleg aðstaða til að taka á móti og fagna með ástvinum og vinum mínum á öllum aldri.“

Sigurður býr ásamt fjölskyldu



SEXTUGUR „Samtíminn er spennandi og það er gaman að lifa í þessu elskulega Guðsfangi,“ segir Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju. MYND/SAGA SIG

sinni á Tómasarhaganum, steinsnar frá Neskirkju, í húsinu sem hann ólst upp í og verður því að teljast þvottekta Vesturbæingur. Eðli málsins samkvæmt fylgir hann hverfisíþróttafélaginu að málum, þótt hann hafi reyndar búið víða í tengslum við prestsstarfið og daðrað við önnur íþróttafélög. „KR-ingurinn í mér hefur hins vegar alveg tekið við og ég tel sjálfan mig heppinn að geta búið í Vesturbænum. Hér vilja margir búa

en það vantar fleiri íbúðir,“ segir Sigurður.

Hann segist ekki búast við að líta yfir farinn veg á sextugsafmælinu, heldur frekar horfa fram á veginn. „Ég er svo heppinn að eiga ung börn og er því meira upptekinn af nútíð og framtíð en fortíð. Samtíminn er spennandi og það er gaman að lifa í þessu elskulega Guðsfangi. Ég er bjartsýnn og trú því að heimurinn fari sífellt batnandi,“ segir afmælisbarnið. kjartan@frettabladid.is

Hlúum að andlegu og líkamlegu heilbrigði

Tara Margrét Vilhjálmsdóttir, stofnmeðlimur Samtaka um líkamsvirðingu fjallar um skaðsemi megrunarfæðis og vill aukna áherslu á andlegt heilbrigði.

Um jólaeytið dynja á landanum umfjallanir um skilvirka megrunarkúra og fréttir af þekktu fólki sem deilir ráðleggingum um hvernig best sé hjá því komist að safna aukakílóum yfir hátíðirnar. Á nýju ári snýst hvatningin svo um að „hrista af sér jólasþíki“ og markaðssetning líkamsræktarstöðva fer á fullt. Allir eru hvattir til að taka upp nýjan lífsstíl og hefja vegferðina að nýju og grennra sjálfi. Einnhverjir hafa þó í gegnum tíðina gagnrýnt þetta megrunaræði og telja það beintengt skaðlegri útlitsdýrkun. Samtök um líkamsvirðingu standa í ströngu um þessar mundir, í að minna fólk á að heilbrigði og holdafar helst alls ekki alltaf í hendur og drastískar megrunaraðgerðir þar sem fólk neytir mun færri hitaeyninga en líkaminn þarfnast geta beinlínis verið hættulegar.

Tara Margrét Vilhjálmsdóttir er stjórnar- og stofnmeðlimur samtakanna auk þess sem hún er með mastersgráðu í félagsráðgjöf. Hún minnr á að heilbrigði felst ekki síst í að hlúa að sjálfum sér og sínum nánustu bæði líkamlega og andlega. „Það er auðvitað mikilvægt að auðga líkama og sál með hreyfingu en hafa ber hugfast að hlusta á líkama sinn, næra hann og veita honum hreyfingu samkvæmt því. Það gerir engum gott að miða sig við aðra.“ Megrunaræðið í kringum hátíðarnar bendir



TARA MARGRÉT minnr á að megrunaráttá getur haft skaðleg áhrif á andlegt heilbrigði. MYND/DAVÍÐ ÞÓR

Tara á að sé varhugavert því það tengist sjaldan heilsu en frekar markmiðum sem tengjast algengum slagorðum á borð við „Í kjólinn fyrir jólin“. Hún segir að þegar markmiðið gangi bara út á að megra sig fyrir tilsettan tíma, aukist líkur á að fólk fari varhugaverðar leiðir. „Á hópnaðskeiðum getur myndast óheilbrigð samkeppni. Það vill enginn vera sá eini í hópnum sem náði ekki að missa ákveðna fituprósentu fyrir aðfangadag. Svona pressa getur verið óheilbrigð fyrir líkama og sál. Þessi áhersla á útlit frekar en innri

mann leiðir til aukins þrýstings á fólk að falla inn í þröngt líkamlegt form sem hentar kannski ekki, hvorki líkamlega né andlega.“

Tara hvetur fólk frekar til að njóta hátíðanna með góðu fólki og mat, en að eyða þeim í áhyggjur yfir kílóatölu og buxnastræð. „Við segjum oft við fólk sem tekur þátt í lífsgæðakapphlaupinu að þegar það verði komið á dánarbedinn muni þessir hlutir ekki skipta máli. Það sama á við um hvort við verðum 1,5 kílóum þyngri eða léttari eftir jólin 2013.“ -jme

✝

Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

RAGNAR JÓNSSON
frá Fjösatungu,
Bakkastöðum 165, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 18. desember. Útför fer fram frá Bústaðakirkju 3. janúar kl. 13.00.

Hrefna Indriáadóttir
Indriði Jónsson Laila Hannesdóttir
Helga Rósenkranz Jónsdóttir
Guðleif Jónsdóttir Sigvaldi Steinar Hauksson
barnabörn og barnabarnabörn.



✝

Elskuleg eiginkona mín,

ÁSTA L. S. TÓMASDÓTTIR
Hvassaleiti 22,

verður jarðsungen frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 27. desember kl. 13.00.

Einar Sigurðsson



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



JÓLIN KOMA

Þorláksmessa er skemmtilegur dagur. Þá eru allir að drifa sig að klára það sem gera þarf fyrir jólin, kaupa inn, skreyta jóla-tréð og jafnvel baka. Aðrir eru búnir að öllu og njóta dagsins í skötuveislu eða labba um í miðbænum þar sem skemmtileg stemning myndast á þessum degi.

SKATA MEÐ BLOODY MARY

ÞORLÁKSMESSA Kæst skata er á borðum margra í dag samkvæmt hefðinni. Ljósmyndarinn og matgæðingurinn Áslaug Snorradóttir hafði aldrei smakkað skötu þegar við fengum hana til að útbúa sköturétt eftir eigin nefi.

Þetta gekk bara vel, ég fór ekki eftir neinni uppskrift heldur hugsaði með mér að skatan er yfirleitt borðuð með hamsatölg, svo ég hitaði bara hamsatölg og hrærði smjöri saman við, stappaði svo saman hnefa af soðinni skötu og einni kartöflu út í smjör-ið og tólgina. Svo bjó ég til Bloody Mary-hlaup ofan á rúgbrauð og setti baunaspírun undir stöppuna. Svo smakkaði ég þetta bara og fannst mjög gott! Sérstaklega með Bloody Mary-hlaupinu því það er svo mikill pipar í því," segir ljósmyndarinn og matgæðingurinn Áslaug Snorradóttir en hún hafði aldrei smakkað skötu sjálf þegar við fengum hana til að útbúa óhefðbundinn sköturétt.

Verkefnið vafðist ekki fyrir Áslaugu sem setti blómadropa á nefbroddinn til að finna ekki lyktina sem fylgir þessum kæsta þjóðarrétti Íslendinga á Þorláksmessu.

"Hún er ekkert sjarmerandi þessi lykt. Ég er meira fyrir léttari ilmi. Skötulyktin er alveg þolanleg í einn dag en eftir á kveikti ég á salviureykelsi og fór með í öll horn. Þá hvarf hún alveg," segir Áslaug.

En verður kæst skötustappa kannski að hefð á heimilinu hér efir á Þorláksmessu?

"Maður á aldrei að segja aldrei, nú gæti ég orðið húkkt á stöppunni," segir Áslaug hlæjandi.



ÖÐRUVÍSI

Skötustappa á Bloody Mary-hlaupi rann ljúfflega ofan í kokkinn.

MYND/ÁSLAUG SNORR-
DÓTTIR

Jóluþunum ætlar hún að eyða heima hjá sér, í fyrsta sinn í mörg ár, en skreytir heimilið hvorki með rauðu né grænu.

"Það verða bleik jól hjá mér í ár. Ég skreyti mikið með hýasintum, túlípönum og bleikum rósum. Svo klippi ég stórar greinar úr garðinum, set á þær seríu og vef þær með gylltum borða. Ég var einu sinni um jól í Bombay og þar voru öll trén skreytt með gylltum borðum, svolítið „kitsch“ en mjög skemmtilegt," segir Áslaug.



MATGÆÐINGUR Áslaug Snorradóttir, ljósmyndari og annálaður matgæðingur.

BLOODY MARY Á RÚGBRAUÐI, SPÍRUN, SKÖTUSTAPPA OG GRÆNKÁL FYRIR EINN

BLOODY MARY-HLAUP

Tómatsafi, 1,5 dl, mixað með hvítlauk, selleri, vel af svörtum pipar, salt og hálfum af vodka. 3 matarlímsblöð leyst upp í vatni og brædd upp í örllitu af upphit-uðum tómatsafanum. Hellt í einnota glas og kælt í nokkrar klst í ísskáp.

Rúgbrauðið skorið í hringi.

SKÖTUSTAPPA

Lítill lúka af soðinni skötu, ein lítill kartafla, bræðið saman hamsatölg og smjör og skvettu af hvítlauksolíu og stappið allt saman.

GRÆNKÁLSTOPPUR

Grænkál léttilega strokið með olíu, stráð yfir Zumac, inn í 100 gráðu heitan ofn og þurrkað. Spírurnar fást í flestum búðum og eiga erindi á diskinn við öll tækifæri, enda uppspretta lífs. Flatkókudiskurinn er eftir Bibi, Out of the blue, fest í flestum hönnunarbúðum.

Gleðileg jól
og farsælt komandi nýtt ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.



JARNGLER

Skútvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

Tilvalin jólagjöf

15%
Jólaafsláttur af
þessum frábæru
hleðslutækjum



12v 0,8A

12v 5,5A

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

Jólagjafirnar í ár...



20%
afsl.

IQ-CARE - Heilsukoddinn
Verð nú kr. 11.920.-



Saga / Freyja heilsudýnur
á frábæru verði



Rafdrifnir hægindasófar
Verð kr. 219.900.-
Rafdrifnir hægindastóllar
Verð kr. 119.900.-



20%
afsl.

Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð nú kr. 15.920.-



Hágæða sængurverasett
Mikið úrval



Vandaðir sloppar
dömu/herra



Crabtree & Evelyn



Mikið
úrval

Sængur, koddar, lök
og hlífðardýnur



Vönduð stillanleg
heilsurúm með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnu

Reverie

REVERIE 3E Essential með IQ heilsudýnum
90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnum
90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 499.900.-

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00

www.svefn.is

Opíð alla daga til jóla

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Öll börn eiga rétt á
Gleðilegum Jólum

www.hvitjol.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447

KJÚKLINGABRAUÐ- TERTA NÖNNU

AFGANGAR Margir eiga afgang af kalkúna eftir jólin sem þeir vita ekki hvernig best er að nota. Nanna Rögnvaldar gefur hér góða uppskrift sem hentur vel fyrir kalkúnaafganga en einnig má nota kjúkling.

FLOTT FYRIR JÓLIN

20% afsláttur til jóla

Kjöll
Áður 16.990
Nú 13.590 kr.

Kápur
Áður 24.990
Nú 19.990 kr.

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Nanna er afkastamesti matar-rit-höfundur landsins. Nú fyrir jólin kom út áhugaverð bók frá henni sem nefnist Kjúklingaréttir Nönnu, þá átti hún þriðjung í bókinni Af bestu lyst sem einnig kom út fyrir skömmu. Síðastliðið sumar kom út matreiðslubókin Plats faciles, sem er frönsk þýðing á bókinni Cool Dishes eftir Nönnu. Þá má minnst bókarrinnar Jólamatúr Nönnu sem kom út fyrir tveimur árum. Listinn er þó í raun mun lengri ef farið væri lengra aftur í tíma. Þar utan hefur Nanna skrifað mikið fyrir helstu tímarit landsins.

KJÚKLINGABRAUÐTERTA (EÐA KALKÚNABRAUÐTERTA)
„Þessi uppskrift er úr bókinni Kjúklingaréttir Nönnu en þar er meðal annars að finna ýmsar hugmyndir að nýtingu kjúklingaafganga og þær henta auðvitað líka vel fyrir kalkúnaafganga, sem margir eiga nóg af eftir jólin. Tilvalin á hlaðborð, í bröns með vinunum eða bara sem kvöldmatúr fjölskyldunnar á milli jóla og nýárs,“ segir Nanna.

„Ég sá mynd á erlendra vefsíðu af kjúklingasalati sem var skreytt næstum eins og brúðarterta. Það fannst mér einum of mikið – eða riflega það – en greip hugmyndina og gerði afskaplega góða brauðterta úr kjúklingaafgangi. En auðvitað má líka sjóða eða steikja 1-2 kjúklingabringur og nota í réttinn

300-350 g eldaður kjúklingur eða kalkúni, ham- og beinhreinsaður
5-8 brauðsneiðar
150 g ferskur ananas (eða 1 lítil dós niðursoðinn)
100 ml majónes (heimagert eða keypt)
150 ml sýrður rjómi
½ tsk. tímjan
½ tsk. karríduft
pipar
salt
lófaylli af basilíku
40 g þurrkuð trönuber (má sleppa)
100 g blandaðar hnetur, grófsaxaðar
nokkrir niðursoðnir ferskjuhellingar (má sleppa)

Skerðu kjúklinginn eða kalkúnann í litla bita. Skerðu skorpuna af brauðinu og skerðu eða ríðu það smátt. Saxaðu ananasinn. Hrærðu majónes, sýrðan rjóma, krydd og hluta af basilíkunni (saxaðri) saman í stórrí skál og blandaðu svo kjúklingi, brauði, ananas og



KOKKURINN Nanna Rögnvaldardóttir er helsti matarrit höfundur landsins. Hér gefur hún lesendum góða uppskrift að kjúkling eða kalkúnakjöti sem verður afgangur um hátíðarnar.
MYND/ JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON

trönuberjum, ef þau eru notuð, saman við. Klæddu meðalstórt smelluform innan með plastfilmu, settu brauðblönduna í formið, sléttaðu yfirborðið, breiddu plastfilmu yfir og kældu vel, gjarna til næsta dags. Taktu þá plastfilmuna ofan af, hvolfdu forminu á tertufat og losaðu það utan af. Dreifðu mestallri hnetublöndunni utan á kantana en stráðu afganginum yfir, e.t.v. ásamt saxaðri basilíku. Skreyttu t.d. með ferskju og basilíkublöðum.

Þú færð jólagjöfina hennar hjá okkur

Troðfull búð að nýjum vörum
Náttföt, náttkjólar, korselett, babydoll og margt fleira

Opið frá 11:00 til 22:00
Opið á Þorláksmessu til 23:00
Aðfangadag 10:00 til 13:00

Undirfataverslunin
Eg og þú
Laugavegi 30a S: 562-0070

BURT MEÐ FÝLUNA

Ilmurinn af skötunni er ekki jafn góður og bragðið. Á vef Leiðbeiningastöðvar heimilanna er að finna góð ráð til að minnka lyktina af þessum kæsta rétti.

- Hita þurra pönnu og strá kanil eða öðru ilmandi kryddi á hana og slökkva undir. Eins má strá kryddi á heita eldavélahellu þegar búið er að slökkva undir og láta kryddið þannig brenna upp.
- Gegnvæta viskustykki í borðediki, leggja yfir pottlokið og festa við pottteyrn. Gæta vel að stykkið snerti ekki eldavélahelluna.
- Kveikja á kertum, einkum ilmkertum t.d. með kaffi- og vanillulykt.
- Sjóða skötuna á prímus úti í



garði eða á svölum, sé því við komið.

■ Þvo pottinn strax þegar búið er að færa skötuna á fat.

■ Hangikjötsilmur deyfir skötu-

lyktina og síðan er um að gera að lofta vel út.

■ Suðutími á skötu: Fer eftir þykkt barðanna en þau eru soðin þegar skatan losnar frá brjóskinu.

SKATA Í POTTI Eitt húsráðanna er að þvo pottinn strax þegar búið er að færa skötuna upp á fat.

OPNUNARTÍMAR

YFIR HÁTÍÐARNAR

MANUDAGUR 23. DESEMBER 2016

Nostrað við pakka

Fallega skreyttir pakkar bera vott um hlýhug í garð viðtakenda. **SÍÐA 2**

Jólagjafasiðir

Mæður eyða rúmum 13 klukkutímum í að velja hina fullkomnu jólagjöf fyrir maka sinn en feður aðeins fjórum. **SÍÐA 2**

SAMFLEYTT OPIÐ Í 8.729 KLUKKUSTUNDIR

Við ætlum samt að taka okkur örstutt hlé og njóta jólanna með vinum og ættingjum.

AÐFANGADAGUR – Allar verslanir opnar til kl. 17:00
JÓLADAGUR – Lokað til miðnættis

11%

11% jólakokka eiga eftir að gleyma að kaupa rjóma

35%

35% finna möndlugjöf á síðustu stundu

54%

54% ætla að dansa í kringum jólatréð

1011

100% fljótlegt og þægilegt

Nostrað við pakkana

Fallega skreyttir pakkar bera vott um hlýhug í garð viðtakenda. Skrautið gefur þökkunum aukið gildi og oft nýtist það ekki síður en gjöfin. Hér eru nokkrar pakkaskrautshugmyndir.



Í stað þess að pakka inn í gjafapappír má velja fallega kassa eða öskjur og binda svo utan um þær með borða. Kassarnir nýtast viðtakandanum áreiðanlega vel undir eitthvað smálegt.



Það er sniðugt að hengja jólakúlur eða annað jólaskraut á pakkann sem síðan er hægt að bæta við á tréð.



Hér er gjöfinni pakkað inn í einlitan kassa og hann svo skreyttur með fallegum servíettum, skrautborða og jólakúlum.



Þessi er umhverfisvænn og náttúrulegur. Afskorið grenið heldur sér vel í nokkra daga en auk þess getur verið fallegt að skreyta með könglum.



Svona pakki sker sig úr. Hægt er að kaupa afgangstjull í vefnaðarvöruverslunum og nota til að skreyta pakka.



Kanilstangir koma sér vel um jól og er fallegt að stinga þeim undir snæri eins og hér er sýnt.

Heilsulindir í Reykjavík

Afgreiðslutími sundstaða
Jól og áramót 2013-2014

SUNDKORT ER GÓÐ JÓLAGJÖF



Breskar mæður eyða að meðaltali 13 tímum í að hugsa fyrir jólagjöf makans.

Konur eyða meiri tíma í jólagjafahugleiðingar

Konur eyða meiri tíma í að hugleiða jólagjafainnkaup en makar þeirra, samkvæmt grein sem birtist á vef breska tímaritsins Mail Online. Þar eru birtar niðurstöður könnunar sem verslanakeðjan Littlewoods gerði meðal þúsund mæðra og fedra og könnunar sem vouchercodespro.co.uk gerði meðal 2.188 fullorðinna.

Þar segir að mæður eyði 13 klukkutímum og 23 mínútum í velja hina fullkomnu jólagjöf fyrir maka sinn meðan fedur noti aðeins 4 klukkutíma og tíu mínútur til verksins. Þetta hefur þær afleiðingar að rúmur helmingur mæðra (57%) verður fyrir vonbrigðum með jólagjöfina sem þær fá frá eiginmanninum eða unnustanum. Fjórdungur þeirra segist ýja mjög ákveðið að ákveðnum gjöfum við makann til að forðast endurtekin vonbrigði.

Ein af hverjum tíu konum pakkar inn öllum jólagjöfum frá fjölskyldunni og jafnvel sinni eigin. Þá kemur fram að einn af hverjum tíu breskum körlum láti konuna sjá um að velja og kaupa eigin jólagjöf.

Þó halli mjög á konur í þessum samanburði er annað jákvætt. Þannig kemur fram að uppkomin börn eyða 19 pundum meira í gjöf til mæðra sinna en fedra, og tveimur pundum meira en þau eyða í gjöf til maka síns.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, s. 512 5432, sverrirbirgir@365.is

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

* Á öðrum dögum er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutíma*



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is sími 411 5000

Afgreiðslutími Iceland um jól og áramót

Aðfangadagur 24. des.: Opið til kl. 16
Jóladagur 25. des.: **Lokað til miðnættis**
Annar í jólum 26. des.: Opið

Opið öll áramótin og nýársdag.

Gleðilega hátíð,
starfsfólk Iceland



OPIÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN
ICELAND
ENGIHJALLA



Iceland



UPPHAF JÓLAGJAFNA

Þessa dagana eru verslanir og verslunarmiðstöðvar landsins fullar af fólki í leit að hentugum jólagjöfum. Þær eru stór hluti jólanna og fyrir marga, sérstaklega af yngstu kynslóðinni, sá stærsti.

Sú hefð að gefa jólagjafir er þó ekki gömul hérlendis en það var ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar sem almenningur hóf að gefa jólagjafir. Sumargjafir voru reyndar mun algengari áður fyrr og eru til heimildir sem ná allt til sextándu aldar um slíkar gjafir.

Þótt sótsvartur almúginn hafi ekki gefið jólagjafir fyrr en á seinni hluta 19. aldar gegndi öðru máli um kóngafólk og aðra höfðingja. Þar tíðkuðust jólagjafir, bæði erlendis og hérlendis, og gáfu ráðandi stéttir eðlilega gjafir sín á milli.

Ráðandi stéttir á ýmsum stigum, hvort sem um var að ræða kóngafólk, höfðingja eða húsbændur, gáfu þó fátækum reglulega matargjafir eða annan glaðning yfir jólin. Til sveita tíðkaðist það líka, bæði heima og erlendis, að gefa heimilisfólki eina nýja flík og jafnvel sauðskinnsskó fyrir jólin. Slíkar gjafir flokkuðust þó ekki undir hefðbundnar jólagjafir heldur voru þær meira hugsaðar sem verðlaun eða þakk-lætisvottur fyrir vel unnin störf á árinu.

Heimild: www.thjodminjasafn.is.



SKIPULAGÐARI AÐ ÁRI

Jólagjafainnkaup á síðustu stundu geta verið afar streituvaldandi. Sýnið því framsýni og skipulag fyrir næstu jóla með því að fara eftir heilræðum:

- Búið til lista yfir allar jólagjafir sem kaupa á fyrir jólin.
- Kynnið ykkur áhugamál vina og ættingja eða fáið hjálp frá öðrum fjölskyldumeðlimum ef hugmyndaflugið þrýtur.
- Kaupið fáeinar aukagjafir, eins og konfekt eða fallegan jólahlut, ef ske kynni að einhver gleymdist eða óvæntan gest bæri að garði með jólagjöf.
- Reynið að ljúka jólainnkaupum í byrjun desember. Heillavænlegast er að hafa augun opin fyrir jólagjöfum allt árið og kaupa þær smátt og smátt til að jafna úr fjárútlátn.
- Kaupið jólagjafir á netinu þar sem þeim er gjarnan pakkað og þær sendar beint til viðtakanda.

EINFALT OG AÐGENGILEGT

Ertu á síðustu stundu? Ekki fara á taugum. Skrifaðu lista og skundaðu af stað. Það er ennþá langt í lokun. Hafðu valið einfalt. Það þarf ekki að þýða að gjöfin verði ópersónuleg. Það er hins vegar ekki hægt að reiða sig á tilboð og afslætti svona nálægt jólum sem er kannski helsti ókosturinn við að vera svona seint á ferðinni. Hér eru nokkrar hugmyndir sem ættu að koma þér af stað.

Fyrir kaffiunnandann:

Kauptu gjafakörfu með gæðakaffi og konfekt. Ef þú átt körfu og sellófan er líka hægt kaupa gott kaffi úti í búð og bæta kanilstöngum, smákökum og öðru slíku með.

Fyrir teunnandann:

Kauptu skemmtilega tekrús, tesú og jólate. Það hittir áreiðanlega í mark.

Fyrir áhugakokkinn

Kauptu góða ólífulólu, valhnetulólu eða sesamolú. Bættu saffrani og öðrum gæðakryddum við ásamt ólífum, sólþurrkuðum tómötum, ítölskum brauðstöngum og öðru í þeim dúr. Viljirðu fita þakkað enn frekar má stinga skemmtilegu eldhúshaldi með. Komdu fyrir í fallegri körfu eða láttu pakka inn í blómabúð.

Fyrir glysgjarna

Gull- eða silfurskart ætti sannarlega að hitta í mark. Ekki síður fallegt armbandsúr.

Fyrir snyrtipinna

Í stórmörkum, snyrtivöruverslunum og apótekum fæst urmull af girnilegum gjafaöskjum með ilmötum, kremum, sápum og baðdóti sem gleðja og gagnast ungum sem öldnum.



BOSS
HUGO BOSS
watches

Hugo Boss söluaðilar:

Reykjavík:

Gilbert úrsmiður	Laugavegi 62	s: 551-4100
Gullúrið-úra og skartgripaverslun	Mjódd	s: 587-4100
Úra- og skartgripaverslun Heide	Glæsibæ	s: 581-3665
Meba	Kringlunni	s: 553-1199
Meba - Rhodium	Smáralind	s: 555-7711

Hafnarfjörður

Úr & Gull	Firði-Miðbæ Hafnarfjarðar	s: 565-4666
-----------	---------------------------	-------------

Keflavík:

Georg V. Hannah, úrsmiður Hafnargötu 49	s: 421-5757
---	-------------

Selfoss:

Karl R. Guðmundsson, úrsmiður Austurvegi 11	s: 482-1433
---	-------------

Akureyri:

Halldór Ólafsson úrsmiður Glerártorgi	s: 462-2509
---------------------------------------	-------------

Akranes:

Guðmundur B. Hannah, úrsmiður Suðurgötu 65	s: 431-1458
--	-------------

Egilsstaðir:

Klassík	Selási 1	s: 471-1886
---------	----------	-------------

í hátíðarskapi með Del Monte

Fullkomnaðu
jólamatinn með
niðursoðnum ávöxtum
